# FRÉTTABLAÐIÐ

192. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 16. ÁGÚST 2018





Ólafur Pétursson og barnabarn hans, Marínó Máni Jóhannesson, voru í óða önn að skera kaðla úr gömlum netum þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði á Granda í Reykjavík. Kaðlana nýta þeir í ný grásleppunet. Ólafur og afabarnið halda á næstu dögum út á miðin. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Hanna Katrín Friðriksson fjallar um lögreglumál og dýrkeypt andvaraleysi. 16

**MENNING** Kristján Jóhannsson syngur á Berjadögum. 34

**LÍFIÐ** Kórar Íslands fá ný andlit í dómarastúkuna. 46

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Tveggja og hálfs árs og bíður enn

**SKÓLAMÁL** Foreldrar tveggja og hálfs árs stúlku sem búa í Vogahverfi í Reykjavík eru orðnir langþreyttir á ástandinu í leikskólamálum borgarinnar. Dóttir þeirra bíður þess enn að geta hafið aðlögun á leikskóla.

„Vinnubrögð borgarinnar í leikskólamálunum eru steinaldarleg,“ segir Hrannar Hafsteinsson, faðir stúlkunnar. Maður skilur ekki af hverju það er ekki löngu byrjað að ráða í lausar stöður þegar biðlistarnir eru sífellt að lengjast.“ – sar / sjá síðu 4

## Olíuverð reynist WOW air erfitt

**VIÐSKIPTI** Hækki verð á flugeldsneyti um eitt prósent hefur það neikvæð áhrif á afkomu WOW air um 175 milljónir króna. Hækkunin nam um 36 prósentum á fyrri hluta ársins. „Það er vissulega ástæða til að hafa áhyggjur af því hvort sum flugfélög séu í stöðu til að mæta hækkunum,“ segir Sveinn Þórarinsson, greinandi hjá hagfræðideild Landsbankans. – kij / sjá síðu 12



# Eignir meðlima Sigur Rósar áfram í frosti

**Héraðsdómur staðfesti í síðustu viku kyrrsetningu sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu á eignum þriggja meðlima Sigur Rósar. Eignir upp í 800 milljóna króna kröfu frystar síðan í desember. Ætla að áfrýja til Landsréttar.**

**SKATTAMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur staðfest kyrrsetningu eigna meðlima hljómsveitarinnar Sigur Rósar vegna rannsóknar á meintum skattalagabrotum þeirra. Eignir þeirra hafa sætt kyrrsetningu frá því í desember síðastliðnum.

Fréttablaðið greindi frá því í mars að sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefði kyrrsett eignir þeirra Jóns Þórs Birgissonar, Georgs Holm og Orra Páls Dýrasonar að kröfu tollstjóra og að um væri að ræða kyrrsetningu upp á tæpar 800 milljónir króna alls. Hæsta krafan var á hendur söngvaranum Jóni Þór, betur þekktum sem Jónsa, upp á 638 milljónir. Rannsókn á meintum brotum hófst í ársbyrjun 2016.

Meðlimir Sigur Rósar hafa lýst því yfir að ekki hafi verið um að ræða ásetning heldur handvömm endurskoðanda. Tónlistarmennirnir fóru



Jón Þór Birgisson.

allir með mál sín fyrir héraðsdóm og kröfðust þess að kyrrsetningargerðin yrði felld úr gildi og kyrrsetningu á eignum þeirra aflétt.

Samkvæmt úrskurðinum, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, hafnar dómurinn kröfu þremenninganna. Kyrrsetning eigna þeirra stendur því og rannsókn skattrannsóknarstjóra á meintum brotum stendur enn yfir.

Í máli Jónsa var um að ræða kyrrsetningu á átta fasteignum, fjórum ökutækjum, bankareikningum og hlutafé í þremur félögum. Þá voru tvær fasteignir í eigu trommarans Orra Páls kyrrsettar, en verðmæti þeirra er um 82 milljónir króna. Tvær fasteignir í eigu bassaleikarans Georgs Holm voru kyrrsettar og er verðmæti þeirra 78,5 milljónir.

Í úrskurði dómsins í stærsta málinu, er varðar Jónsa, er upplýst að hann hafi komið með talsverða fjármuni til landsins í gegnum fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands og að hinar kyrrsettu fasteignir, sem metnar voru af tollstjóra á alls tæpar 400 milljónir króna, hafi verið bundnar kvöðum bankans vegna þess. Kvöðum sem lögmaður Jónsa taldi gera kyrrsetningu þeirra óþarfa en á það féllst dómurinn ekki.

Hjördís Halldórsdóttir, lögmaður þremenninganna í málunum þremur, segir að niðurstöðu héraðsdóms verði áfrýjað til Landsréttar. – smj




## Veður




Fremur hæg norðlæg átt í dag og rigning með köflum fyrir norðan, en léttir til sunnan heiða með síðdegisskúrum syðst. Hlýnar sunnan til, en kólnar norðaustanlands. SJÁ SÍÐU 24



**Blásið af krafti.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Battlinu ólokið

**MENNING** Áhugafólk um lúðrablástur hefur ekki misst af árlegu „lúðrasveitabattli“ þriggja lúðrasveita eins og skilja mátti af myndatexta í blaðinu í gær.

Liðsmenn úr Lúðrasveitinni Svani, Lúðrasveit Reykjavíkur og Lúðrasveit verkalýðsins kynntu í fyrradag „lúðrasveitabattlið“ sem sjálft fer ekki fram fyrr en á Menningarnótt. Viðburðurinn verður við Hljómskálann í Hljómskálagarðinum og hefst með látum klukkan fimm síðdegis á laugardag. **– gar**

# Suðræn sveifla við Tjörnina



Karlar sem konur tóku snúninginn í Tjarnarbíói og sameinuðust í suðrænni sveiflu undir tilfinningaþrungnum söng og gítarleik. Byrjendur stigu þar sín fyrstu skref í flamenco. Þetta var fyrsta sýning af fjórum. Sú næsta verður í Gamla kaupfélaginu á Akranesi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# BMW-bílar í Suður-Kóreu kyrrsettir vegna eldhættu

**BÍLAR** Samgönguráðuneyti Suður-Kóreu hefur bannað ökumönnum 20.000 BMW-bíla að aka þeim og krefst innköllunar á bílunum.

Gera yfirvöld í Suður-Kóreu þetta vegna þess að á fyrstu sex mánuðum ársins hefur eldur blossað upp í 27 BMW-bílum þar í landi og með því vilja þau tryggja öryggi farþega. BMW hefur verið gert að innkalla alla þessa bíla og gera við gallann sem þessu veldur.

BMW ætlar reyndar að gera gott betur og innkalla 106.000 bíla sem gætu verið með þennan galla sem felst í eldsneytiskerfi þeirra, en eldurinn hefur í öllum tilfellum læst sig í vélarrúm bílanna. Eigendur þeirra bíla sem innköllunin nær til mega aka bílunum að þeim stöðum þar sem gert verður við þá, en eingöngu þangað. BMW hefur gengið einkar vel að selja bíla í Suður-Kóreu á undanförnum árum og hefur fimmfaldað sölu bíla sinna þar á undanförnum fimm árum og seldi hátt í 60.000 bíla þar í fyrra. **– fot**




**Bilun í eldsneytiskerfi BMW-bíla.**

**Sjá nánar á Fréttablaðið+**
Fleiri bílafréttir má sjá á Fréttablaðið+.




# Una veiðiþjófadómi en boða hörku framvegis

**Dómi um að veiðiþjófar í Kjarrá þurfi ekki að greiða veiðileyfasala bætur verður ekki áfrýjað. Lögmaður boðar hins vegar hörku ef fleiri slík mál kom upp. Leigutakinn segir veiðiþjófum fjölga og að herða þurfi viðurlög við brotunum.**

**DÓMSMÁL** Leigutaki Þverár og Kjarrár áfrýjaði ekki dómi Héraðsdóms Vesturlands í máli gegn tveimur veiðiþjófum.

„Það var ekki talið svara kostnaði að fara með málið áfram, sérstaklega þegar horft er til þess að tjónvaldar eru oft ekki borgunarmenn,“ segir Páll Mikael Kristjánsson, lögmaður Stara ehf. „Það breytir því ekki að niðurstaða héraðsdóms var augljóslega röng og ljóst að önnur mál verða sótt af hörku ef þau koma upp.“

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær voru tveir menn staðnir að veiðiþjófnaði í Kjarrá í fyrrasumar. Auk þess að vera ekki með veiðileyfi – sem kostuðu 245 þúsund krónur fyrir daginn á þeim tíma – veiddu þeir á maðk, sem er stranglega bannað í Kjarrá. Héraðsdómur Vesturlands dæmdi þá í 50 þúsund króna sekt en hafnaði kröfum Stara ehf. um bætur því ekki hefði tekist að sanna neitt tjón.

„Þetta var mjög einbeittur brotavilji hjá þessum mönnum,“ segir Ingólfur Ásgeirsson, einn leigutakanna. Fyrst hafi sést til mannanna á veiðum í Lambá, hliðará Kjarrár, eftir að bónda grunaði að óboðnir gestir væru á svæðinu og setti dróna á loft. Þegar veiðivörður hafi komið að þeim hafi þeir verið búnir að veiða einn lax á maðk í Efra-Rauðabergi, þekktum veiðistað í sjálfri Kjarrá. Þangað er vel hálftíma gangur.

„Þeir velja þennan stað alveg klárlega með það í huga að það séu minni líkur á að þeir verði gripnir. Þetta var einfaldlega skipulögð ferð með veiðiþjófnað í huga,“ segir Ingólfur.



Efra-Rauðaberg er þekktur veiðistaður í Kjarrá. Þangað er talsverður gangur.

> Þetta var einfaldlega skipulögð ferð með veiðiþjófnað í huga.
>
> Ingólfur Ásgeirsson, leigutaki Þverár/Kjarrár



Veiðiþjófarnir játuði brot sitt en höfnuðu bótakröfum Stara. „Dómarinn treysti sér ekki til að dæma neinar bætur – sem er merkilegt vegna þess að þarna er verið að taka vöru ófrjálsri hendi,“ segir Ingólfur.

Að sögn Ingólfs færist veiðiþjófnaður í vöxt. Veiðivarsla hafi verið aukin víða. „Við erum með eftirlit með drónum og hestum, það er mjög vel fylgst með. Vöktun á ánum almennt er orðin miklu skipulagðari og drónar eru mjög góður þáttur í því. Það er ekki verið að fylgjast með veiðimönnunum sjálfum heldur því sem gerist utan veiðitíma og kannski á svæðum sem eru langt í burtu.“

Viðurlög við veiðiþjófnaði á Íslandi eru alltof væg að mati Ingólfs. Breyta þurfi lagarammanum og hann viti til þess að Landssamband veiðifélaga sé að skoða málið. Erlendis sé staðan önnur.

„Ef menn eru staðnir að veiðiþjófnaði í Kanada til dæmis er allt gert upptækt; ef þú ert á bíl þá er hann tekinn af þér og ef þú ert á bát þá er hann tekinn af þér. Sektin er allt að 20 þúsund Kanadadollurum og þú ferð á sakaskrá – þetta er bara meiriháttar mál.“ **gar@frettabladid.is**

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Skoðaðu tilboðin í Húsasmiðjublaðinu á husa.is

# Ódýrt á pallinn

## Gerðu pallinn eins og nýjan

Mest selda pallaolían í Húsasmiðjunni

3 ltr

3 ára ending

**5.995 kr**

~~7.995 kr~~

**Pallaolía**

**Trebitt Terrasebeis 3 ára ending!**

Pallaolía sem hefur þann eiginleika að aðeins þarf að bera á þriðja hvert ár. 15 fallegir litir.

7049308

3 ltr

**1.995 kr**

~~2.495 kr~~

**Pallaolía Jotun Treolje**

Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún, græn og einnig í sömu litum og Trebitt hálfþekjandi.

7049123-27

**2.995 kr**

~~3.995 kr~~

**Pallahreinsir Trebitt Terrassebesfjerner**

Lýsir upp pallinn, fjarlægir sveppagróður, grillolíu og sót.

7158013

JOTUN

25% afsláttur

GROHE

**10.870 kr**

~~14.495 kr~~

**Handlaugartæki**

Grohe Start.

7910800

Sjáðu verðið!

20% afsláttur

Nilfisk

**9.596 kr**

~~11.995 kr~~

**Ryksuga** Buddy II, 12 ltr.

Fyrir þurrt og blautt, 1200W, 12 ltr., tankur, þyngd 4,4 kg.

5254378

KitchenAid

300W mótor

Sjáðu verðið!

**59.990 kr**

~~69.900 kr~~

**Hrærivél**

Kitchen Aid,hvít/mött.

1801041

Sjáðu verðið!

Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ

Electrolux

**53.990 kr**

**Þvottavél** Fw30I7120

Orkunýting: A+++. Þvottahæfni: A, þvottamagn: 7 kg. LCD upplýsingaskjár. Hljóðstyrkur 58 dB. Hljóðstyrkur við vindu 79 dB.

1805690

Rýmingarsala • Rýmingarsala

**35% afsláttur**

af ÖLLUM garðhúsgögnum

30% afsláttur

NEO TOOLS

**13.995 kr**

~~19.995 kr~~

**Topplyklasett 110 stk.**

NEO, 1/2"-1/4", toppar 4-32 mm, skrall 72T.

5052570

**1.299 kr**

**Erikur/Calluna, 3 stk.**

Veljið sjálf.

30% afsláttur

HITACHI Inspire the Next

**32.995 kr**

~~46.995 kr~~

**Borvél 18V + 100 fylgihlutir**

2 stk., 2.5Ah Li-ion rafhlöður, hersla 52Nm, 2ja gíra 0-450/1250 sn./mín, þyngd 1,7 kg.

5246783

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# Útsala

## 20-50% afsláttur af potta-plöntum

Ástareldur

**599 kr**

~~1.199 kr~~

50% afsláttur

26% afsláttur

Verð frá:

**1.990 kr**

~~2.690 kr~~

Monstera

Rifblaðka.

50% afsláttur

**745 kr**

~~1.490 kr~~

Friðarlilja

Í 9 cm potti.

11325000

26% afsláttur

**1.990 kr**

~~2.690 kr~~

Orkidea

11325000



Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Toyota á Íslandi jók hagnað sinn um 64 prósent

**VIÐSKIPTI** Toyota á Íslandi hagnaðist um ríflega 1.133 milljónir króna á síðasta ári og jókst hagnaðurinn um 64 prósent frá fyrra ári þegar hann var um 692 milljónir króna, samkvæmt nýbirtum ársreikningi bílaumboðsins.

Leggur stjórnin til að greiddur verði arður upp á 300 milljónir króna vegna síðasta árs.

Rekstrartekjur Toyota á Íslandi námu 15,4 milljörðum króna í fyrra en til samanburðar voru tekjurnar um 12,6 milljarðar árið 2016. Rekstrargjöldin voru 13,7 milljarðar króna í fyrra og hækkuðu um 2,1 milljarð króna á milli ára. EBITDA bílaumboðsins – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – var rúmlega 1,7 milljarðar króna í fyrra og batnaði um 76 prósent frá fyrra ári þegar EBITDA var 982 milljónir.

**» 34 starfsmenn að meðaltali störfuðu hjá félaginu í fyrra**

Toyota á Íslandi átti eignir upp á 5,9 milljarða króna í lok síðasta árs en eigið fé þess var á sama tíma 1,6 milljarðar og eiginfjárhlutfallið um 27 prósent.

Félagið er alfarið í eigu UK fjárfestinga sem er aftur í jafnri eigu Úlfars Steindórssonar forstjóra og Kristjáns Þorbergssonar fjármálastjóra. – kij

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

# Miðflokkurinn tapaði tæpum 16 milljónum

**STJÓRNMÁL** Miðflokkurinn skilaði 15,9 milljóna króna tapi á síðasta ári samkvæmt nýbirtum útdrætti Ríkisendurskoðunar úr ársreikningi flokksins. Flokkurinn fékk tæpar sjö milljónir króna í framlög frá lögaðilum í fyrra, þrjár milljónir fékk flokkurinn í ríkisframlög og tæpar tvær milljónir frá einstaklingum. Alls rúmar 11,8 milljónir. Rekstrargjöld flokksins námu hins vegar ríflega 27,5 milljónum.

Átta fyrirtæki og félög styrktu Miðflokkinn um 400 þúsund króna hámarkið á síðasta ári. Þar á meðal útgerðarfélögin Brim hf., HB Grandi hf. og Þorbjörn hf. Kvika banki lagði Miðflokknum einnig til 400 þúsund krónur, sem og Síminn hf. og félagið Tandraberg ehf. sem er í eigu Einars Birgis Kristjánssonar, yfirlýsts stuðningsmanns Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns og stofnanda Miðflokksins.

Þá verður ekki sagt að fjölskyldan styðji ekki við bakið á Sigmundi Davíð, en Óshöfði slf., félag í eigu bróður hans, Sigurbjörns Magnúsar, styrkti flokkinn einnig um leyfilega hámarksfjárhæð líkt og Hafblik ehf. sem er í eigu Gunnlaugs M. Sigmundssonar, föður Sigmundar Davíðs. Alls styrktu 33 lögaðilar flokkinn um 200 þúsund krónur eða meira. – smj



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Tveggja og hálfs árs stúlka bíður þess enn að byrja á leikskóla

**Foreldrar tveggja og hálfs árs stúlku sem búa í Vogahverfi í Reykjavík eru orðnir langþreyttir á ástandinu í leikskólamálum borgarinnar. Dóttir þeirra bíður þess enn að geta hafið aðlögun á leikskóla í hverfinu. Það hefur verið stefna borgarinnar frá 2016 að öllum börnum 18 mánaða og eldri sé tryggt leikskólapláss.**

**SKÓLAMÁL** „Vinnubrögð borgarinnar í leikskólamálunum eru steinaldarleg. Það er alltaf verið að lofa einhverju sem er ekki staðið við. Það þarf að hætta því og fara bara að segja fólki sannleikann. Það er betra að fá réttar upplýsingar um stöðuna þótt það séu slæmar fréttir,“ segir Hrannar Hafsteinsson faðir tveggja og hálfs árs stúlku sem enn er óvíst hvenær getur hafið aðlögun á leikskóla.

Eins og fram hefur komið mun heildarstaðan hjá leikskólum Reykjavíkurborgar ekki skýrast að fullu fyrr en á fundi skóla- og frístundaráðs í næstu viku. Það er þó ljóst að margir þeirra 62 leikskóla sem borgin rekur hafa ekki náð að ráða í allar lausar stöður.

Hrannar og eiginkona hans, sem búa í Vogahverfi í Reykjavík, sóttu fyrst um fyrir dóttur sína á leikskóla í hverfinu í október 2016. Næsta vor fengu þau svör um að allt væri fullt á viðkomandi leikskóla. Í kjölfarið var dóttir þeirra sett á biðlista þar auk tveggja annarra leikskóla í hverfinu.

Staðfesting fékkst frá öðrum hinna leikskólanna á að dóttirin væri efst á biðlistanum. Í ágúst var hún hins vegar dottin niður í ellefta sæti biðlistans og þær skýringar gefnar að kennitala réði röðinni. Ekkert varð því úr leikskóladvöl dótturinnar síðasta vetur, þrátt fyrir að hún hefði náð 18 mánaða aldri í júlí 2017. Það hefur verið stefna borgarinnar frá 2016 að tryggja öllum börnum 18 mánaða og eldri leikskólapláss.

Í apríl síðastliðnum barst foreldrunum svo tilkynning frá borginni um að dóttur þeirra hefði verið úthlutað plássi á leikskólanum sem þau sóttu upphaflega um frá og með haustinu. Þáverandi leikskólastjóri sagði um það leyti að óvissa væri með mönnun í haust en undir eðlilegum kringumstæðum ættu fyrstu börnin að geta byrjað í kringum 20. ágúst, þegar grunnskólarnir hæfust.

Hrannari og eiginkonu hans barst svo bréf frá nýjum leikskólastjóra fyrir um viku þar sem fram kom að illa gengi að ráða í lausar stöður og ekki væri hægt að segja til um hvenær aðlögun dóttur þeirra gæti hafist.

„Maður skilur ekki af hverju það er ekki löngu byrjað að ráða í lausar stöður þegar biðlistarnir eru sífellt að lengjast,“ segir Hrannar.

Þá segir hann kerfið allt of kalt. „Öll samskipti eru í gegnum tölvupóst, af hverju er ekki hægt að taka upp símann? Það er engin þjónusta og ekkert frumkvæði við upplýsingagjöf. Maður þarf að spyrja nákvæmlega út í allt til að fá einhver svör.“

Rúmlega 50 störf á leikskólum voru laus til umsóknar á vef borgarinnar í gær en þau eru væntanlega eitthvað fleiri þar sem umsóknarfrestur gæti verið liðinn í einhverjum tilfellum. Fimm leikskólar auglýstu eftir aðstoðarleikskólastjórum og tíu eftir deildarstjórum.

sighvatur@frettabladid.is



Það skýrist í næstu viku hvernig mun ganga að tryggja mönnun á leikskólum Reykjavíkurborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



DISCOVERY SE

# HÆFARI OG ÖFLUGRI

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND

landrover.is




ENNEMM / SÍA / NM89299

## LAND ROVER DISCOVERY SE DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. VERÐ FRÁ: 11.780.000 KR.

Nýr Discovery er hæfari og öflugri en nokkru sinni fyrr. Yfirbygging úr áli gerir hann allt að 490 kg léttari. Endurbætt Terrain Response® drifkerfi og loftpúðafjöðrun sem gerir ökumanni kleift að hækka bílinn upp og ná allt að 28,3 cm veghæð og 90 cm vaðhæð er alger sérstaða í þessum flokki bíla.

**LAND ROVER**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

Styrkir til atvinnuleikhópa

Umsóknarfrestur til **1. október**

Leiklistarráð auglýsir eftir umsóknum um styrki til starfsemi atvinnuleikhópa á árinu 2019. Veittir eru styrkir til einstakra verkefna eða starfssamninga til tveggja ára.

**Umsóknarfrestur er til kl. 16:00 þann 1. október 2018. Umsóknum skal skilað rafrænt á www.rannis.is.**
Einungis er tekið við rafrænum fylgigögnum með umsókn.

Athugið að umsókn um styrki til starfsemi atvinnuleikhópa getur einnig gilt sem umsókn til listamannalauna ef umsækjandi merkir við þar til gerðan reit í umsóknarformi.

Samkvæmt leiklistarlögum nr. 138/1998 skilar leiklistarráð tillögu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úthlutun fjár til stuðnings atvinnuleikhópum.

**Nánari upplýsingar:**
atvinnuleikhopar@rannis.is, www.rannis.is
Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.
Tengiliður: Ragnhildur Zoëga,
sími: 515 5838.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Rakaskemmdir og mygla

Íslenski útveggurinn og reynsla Svía



Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins á Nýsköpunarmiðstöð Íslands

heldur málstofu um myglu og rakaskemmdir í mannvirkjum

Nýsköpunarmiðstöð Íslands að Árleyni 8,
föstudaginn 17. ágúst frá kl. 10 -12
Fundurinn er opinn öllum og er aðgangur ókeypis

Betri byggingar og Rb

Prófessor Ólafur H. Wallevik, forstöðumaður Rb á Nýsköpunarmiðstöð Íslands, opnar fundinn og stýrir umræðum

Reynsla Svía af raka og rakavandamálum

Kjartan Guðmundsson, lektor við Kungliga Tekniska Högskolan í Stokkhólmi, fjallar um reynslu Svía af raka og rakavandamálum

Íslenski útveggurinn í einangrun

Jóhann Björn Jóhannsson og Jóhanna Eir Björnsdóttir, byggingarverkfræðingar, kynna nýjar aðferðir við að herma útveggi í tölvulíkani til að meta raka og mygluáhættu og niðurstöður úr nýjum rannsóknum

Þátttakendur í pallborði

Guðni A. Jóhannesson, Orkumálastjóri
Björn Marteinsson, Háskóli Íslands
Guðni Ingi Pálsson, Mannvit
Indriði Níelsson, Verkís
Kristmann Magnússon, Rb á Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, Efla

Nýsköpunarmiðstöð Íslands






**Heklureiturinn á að skila borginni um 350 íbúðum miðsvæðis. Samningaviðræður þokast hægt.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR.

# Samningaviðræður um Heklureitinn strand

**Svo virðist sem erfiðlega gangi að klára samningaviðræður milli Heklu og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu og þéttingu byggðar við Laugaveg. „Gætum hagsmuna Reykjavíkurborgar," segir formaður skipulags- og samgönguráðs.**

**REYKJAVÍK** Samkomulag á milli Heklu og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu á Heklureitnum og þéttingu byggðar við Laugaveg er enn ekki í augsýn þrátt fyrir vilja beggja til að byggja upp á reitnum og færa höfuðstöðvar Heklu upp í Breiðholt. Formaður skipulagsráðs borgarinnar segir mikilvægt að gæta hagsmuna borgarinnar í hvívetna við samningagerðina.

Í byrjun maímánaðar, rétt fyrir kosningar til sveitarstjórna, var kynnt með pompi og prakt viljayfirlýsing Heklu hf. og Reykjavíkurborgar um að byggðar yrðu um 350 íbúðir þar sem höfuðstöðvar Heklu eru nú við Laugaveg. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Friðbert Friðbertsson, forstjóri Heklu, skrifuðu þá undir yfirlýsinguna um samstillta uppbyggingu og flutning höfuðstöðvanna. Síðan þá hefur heldur sigið á ógæfuhliðina í samningaviðræðunum og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa samningar ekki náðst þar sem Hekla telur Reykjavíkurborg reyna um of að rýra hag fyrirtækisins af þessum vistaskiptum.

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulags- og samgönguráðs, segir mikilvægt að gæta hagsmuna borgarbúa. „Nei, það hafa ekki náðst samningar. Þetta er að mínu mati mikilvægur þéttingarreitur í borginni og við vonumst eftir því að samningar muni nást með haustinu. Samningaviðræður eru í gangi og þær taka bara tíma en ég er jákvæð um að þær klárist," segir hún.

Þegar Sigurborg Ósk er spurð út í hvort borgin sé of kröfuhörð í samningaviðræðunum og hvort eigendur Heklu telji sig svikna af viljayfirlýsingunni segist hún ekki geta farið ítarlega yfir samninginn í fjölmiðlum. „Ég get ekki farið ofan í saumana á þeim atriðum sem við erum að semja um. Við gætum hagsmuna Reykjavíkurborgar og almennings og það er það sem vakir fyrir okkur í öllum samningaviðræðum," segir hún. „Þegar samningar nást hefst hefðbundið skipulagsferli. Við vonumst eftir því að framkvæmdir geti hafist á næsta ári."

sveinn@frettabladid.is



**Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulags- og samgönguráðs.**

## 350

**íbúðir átti að byggja á Heklureitnum.**

# Segist þvinguð til að brjóta umferðarlög

**SKIPULAGSMÁL** „Nú eru þeir búnir að neyða okkur til að fremja umferðarlagabrot," segir Helga Árnadóttir, íbúi í Hleinahverfi í Garðabæ, um nýjustu vendingar í ágreiningsmáli hverfisbúanna við bæjaryfirvöld vegna umferðar um gamla Álftanesveginn.

Bæjaryfirvöld ákváðu að loka fyrir umferð um gamla Álftanesveginn vegna óska frá íbúum í svokölluðu Prýðahverfi sem er norðan við veginn. Íbúar í Hleinahverfi nærri Hrafnistu og íbúar í norðurbæ Hafnarfjarðar mótmæltu þar sem lokunin myndi kosta þá óþægindi við að aka lengri leiðir út úr hverfum sínum. Málið er í kæruferli en nýlega settu bæjaryfirvöld upp hraðahindranir á veginum.

„Þeir eru búnir að setja þrengingar á veginn með steypuklumpum svo við verðum að brjóta heila línu til að aka í gegn," segir Helga. „Mér finnst þetta hálfvitalegt. Ef löggan sér okkur og sektar okkur, hver á þá að borga það?" spyr Helga sem kveður Hleinahverfisbúa afar ósátta.

„Bæjarstjórinn gekk hér í öll hús fyrir kosningar og lofaði öllu fögru; sagði að engu yrði breytt og veginum ekki lokað," segir Helga. Greinilega eigi ekki að standa við þau fyrirheit. Enda hafi bæjarstjórinn sagt á fundi fyrir kosningar að minni hagsmunir yrðu að víkja fyrir meiri og þá átt við að loka þyrfti veginum á endanum.

„Ég skil ekki það mat," segir Helga. „En fólkið í Prýðahverfinu vill ekki að við séum að aka þarna um, við erum eitthvað að trufla það. Þannig að við gamla fólkið megum bara éta það sem úti frýs." **– gar**



**Aka þarf yfir óbrotna línu á miðjum Álftanesvegi til að komast fram hjá nýjum hraðahindrunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Mér finnst þetta hálfvitalegt. Ef löggan sér okkur og sektar okkur, hver á þá að borga það?**
>
> Helga Árnadóttir í Hleinahverfi

# SKÓLADAGAR

## Allar skólatöskur og pennaveski á 35% afslætti 16.-21. ágúst

**35%** afsláttur



Allar JEVA og Beckmann skólatöskur eru á sama verði

**13.123 kr**
verð áður 20.189 kr

JEVA skólatöskur eru:
- Viðurkenndar af iðjuþjálfum
- Með sérstaklega hannað „foam“ bak
- Með smellu yfir brjóstkassa
- Eru mjög slitsterkar
- Með 2ja ára ábyrgð vegna framleiðslugalla
- Hægt er að fá pennaveski í stíl við töskurnar

Öllum JEVA töskum fylgir:
- Vatnsbrúsi
- Nestisbox
- Íþróttapoki



JEVA skólataska 16 l | JEVA skólataska 18 l | JEVA skólataska 16 l | JEVA skólataska 16 l | JEVA skólataska 18 l



*Skólatöskur fást ekki á Eiðstorgi*

JEVA skólataska 16 l

Bakpoki Track — **13.123 kr** verð áður 20.189 kr

Bakpoki Track — **13.123 kr** verð áður 20.189 kr

Bakpoki Stranger — **5.128 kr** verð áður 7.889 kr

Bakpoki Stranger — **5.128 kr** verð áður 7.889 kr



Herlitz pennaveski — **1.007 kr** verð áður 1.549 kr

Herlitz pennaveski — **903 kr** verð áður 1.389 kr

Herlitz pennaveski — **1.033 kr** verð áður 1.589 kr

Herlitz pennaveski — **1.059 kr** verð áður 1.629 kr

Herlitz pennaveski — **773 kr** verð áður 1.189 kr

Pennaveski — **1.618 kr** verð áður 2.489 kr

24 Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifu

HAGKAUP *Meira svona alla daga*

## Gengu af fundi skipulagsráðs

**REYKJAVÍK** Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði Reykjavíkurborgar gengu af fundi ráðsins í gær. Hildur Björnsdóttir, einn af þremur fulltrúum flokksins í ráðinu, segir Sjálfstæðismenn efast um lögmæti fundarins.

Á fundi ráðsins í gær voru 75 mál á dagskrá. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins töldu sig ekki hafa fengið fundargögn með nægilegum fyrirvara til að kynna sér málin og einnig hafi nokkrir gestir ekki fengið boð um að mæta á fundinn.

„Við fengum ekki gögnin fyrr en eftir hádegi í gær. Þetta eru fleiri hundruð blaðsíður. Við viljum vanda okkur og berum virðingu fyrir málaflokknum,“ segir Hildur Björnsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

„Mér finnst skrýtið að borgarfulltrúar haldi að það sé val hvort við mætum á fund eða ekki. Það á ekki að vera eðlilegt að ganga út af fundi vegna þess að þeim mislíkar eitthvað,“ segir Kristín Soffía Jónsdóttir, fulltrúi Samfylkingar í skipulags- og samgönguráði. „Það er hins vegar eðlilegt að málum sé frestað ef fulltrúar telja sig þurfa að kynna sér málin betur. Þetta eru aftur á móti vinnubrögð sem ég hef ekki séð áður og er augljóst leikrit sett á svið á kostnað eðlilegra vinnubragða.“ **– sa**

> Við viljum vanda okkur og berum virðingu fyrir málaflokknum
>
> Hildur Björnsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í skipulagsráði





**Kristín Soffía Jónsdóttir, varaformaður umhverfisráðs.**


# Listamannalaun 2019

Umsóknarfrestur **1. október**

**Auglýst eru til umsóknar starfslaun listamanna sem úthlutað verður árið 2019 í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2009.**

**Umsóknum skal skila í síðasta lagi mánudaginn 1. október 2018.**

Úthlutað verður úr eftirfarandi sjóðum:
launasjóður **hönnuða**
launasjóður **myndlistarmanna**
launasjóður **rithöfunda**
launasjóður **sviðslistafólks**
launasjóður **tónlistarflytjenda**
launasjóður **tónskálda**

**Umsóknir skiptast í eftirfarandi flokka:**
- Starfslaun fyrir einn listamann í einn launasjóð eða fleiri, falli vinnan undir fleiri en einn sjóð.
- Starfslaun fyrir skilgreint samstarf listamanna í einn launasjóð eða fleiri, falli vinnan undir fleiri en einn sjóð.
- Starfslaun fyrir sviðslistahópa. Sviðslistahópaumsókn er felld inn í atvinnuleikhópaumsókn.

Umsóknareyðublöð og eyðublöð fyrir framvinduskýrslu ásamt lögum og reglugerðum um sjóðinn má finna á vefslóðinni www.listamannalaun.is.
Nota þarf rafræn skilríki við umsóknina.

Hafi umsækjandi hlotið starfslaun áður, verður umsókn aðeins tekin til umfjöllunar ef framvinduskýrslu vegna síðustu úthlutunar hefur verið skilað til stjórnar listamannalauna, sbr. ákvæði 4. gr. laga um listamannalaun nr. 57/2009.

- Ferðastyrkir verða ekki veittir.
- Eingöngu verður tekið við rafrænum fylgigögnum.

**Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Zoëga**
á skrifstofu Rannís, listamannalaun@rannis.is.

**Stjórn listamannalauna, ágúst 2018**

launasjóður listamanna artists' salary fund

rannís
www.rannis.is



Vissir þú að...
Barnaheill Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á vernd gegn einelti.




Reisa á þriðja knatthúsið á svæði FH-inga. Málið hefur verið þrætuepli í bæjarmálum í Hafnarfirði FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hafnarfjörður kaupi hús í eigin eigu af FH

**Meirihluti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar vill kaupa þrjú knatthús á 790 milljónir. Eitt húsið er reyndar í 80 prósent eigu bæjarins. Minnihlutinn segir ekkert verðmat liggja fyrir og því óvarlega farið með peninga bæjarbúa.**

**HAFNARFJÖRÐUR** Fulltrúar minnihluta í Hafnarfirði eru mjög ósáttir vegna þeirrar stefnubreytingar sem varð í stóra knatthúsamáli bæjarins í síðustu viku þegar ákveðið var á fundi bæjarráðs að bærinn keypti öll þrjú knatthús Fimleikafélags Hafnarfjarðar á 790 milljónir og FH-ingar stæðu sjálfir að byggingu nýs knatthúss á eigin kostnað og ábyrgð.

Á aukafundi í bæjarstjórn Hafnarfjarðar í gær lögðu fulltrúar minnihlutans fram fjölda fyrirspurna vegna málsins en fyrir liggur að kaup bæjarins á mannvirkjunum hafa það markmið að gera félaginu mögulegt að byggja nýtt knatthús. Meðal annars er vísað til þess að félagið hafi fengið eitt húsanna að gjöf frá bænum árið 1989 en skilyrði gjafagerningsins hafi ekki verið uppfyllt á tilsettum tíma og hann því aldrei farið í gegn og húsið sé því enn í eigu bæjarins. Óskað er upplýsinga um kostnað bæjarins við kaup á þessari eign sinni, þar á meðal tilfallandi kostnaði verði gjafagerningurinn gjaldfærður áður en kaupin fara fram.



**Guðlaug Kristjánsdóttir, oddviti Bæjarlistans.**

Einnig er gagnrýnt að hvorki liggi fyrir verðmat né mat á ástandi umræddra eigna heldur fari kaupverðið eftir fjárþörf FH vegna byggingar nýs húss.

Guðlaug Svala Kristjánsdóttir, oddviti Bæjarlistans í Hafnarfirði, segir þetta ekki góða meðferð skattfjár. „Nei, alls ekki, og við í minnihlutanum erum sammála um það að þessi vinnubrögð séu vafasöm og höfum beint því til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að ganga úr skugga um það hvort þetta sé löglegt. Okkar tilgáta er sú að þetta sé ólöglegt.“

Knatthúsamálið hefur verið þrætuepli í bæjarmálum Hafnarfjarðar um nokkurra ára skeið og var málið uppspretta stöðugra deilna innan meirihluta Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar á síðasta kjörtímabili.

Tvö knatthús eru í Hafnarfirði, bæði á athafnasvæði FH, þar á meðal Risinn í Kaplakrika sem bærinn leigir af félaginu fyrir tugi milljóna á ári. Haukar eiga ekkert yfirbyggt knatthús og vilja fá sams konar samning og gerður var við FH en meirihlutinn í Hafnarfirði hefur ákveðið að FH fái þriðja knatthús bæjarins.

**adalheidur@frettabladid.is**
**sveinn@frettabladid.is**

## Flugfreyjur kjósa um vinnustöðvun

**KJARAMÁL** Stjórn Flugfreyjufélags Íslands hefur samþykkt að boða til atkvæðagreiðslu meðal allra félagsmanna sinna um vinnustöðvun félagsmanna hjá flugfélaginu Primera Air Nordic. Allir félagsmenn geta tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og er búist við því að niðurstaða verði klár í lok septembermánaðar. Deilan hefur staðið yfir í nokkur ár.

Berglind Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar FFÍ, segir samningaviðræður við Primera Air Nordic hafa verið hálfgerðan skrípaleik. „Það hafa verið haldnir eitthvað um átta fundir hjá ríkissáttasemjara þar sem aðilar flugfélagsins hafa aldrei mætt. Krafa okkar er afar einföld í þessari deilu. Við viljum einfaldlega að gerður verði við flugfreyjur kjarasamningur þar sem ljóst er að flugfélagið starfi hér á landi. Það er ekki óeðlileg krafa að okkar mati,“ segir Berglind. „Nú höfum við óskað eftir því að ríkið komi að borðinu án árangurs og því er þetta lokatilraun okkar til að knýja á um að samið verði við flugfreyjur hjá fyrirtækinu.“




Primera Air er skráð í Lettlandi en fyrirtækið sjálft hér á landi. Flugfreyjur vilja að gerður verði kjarasamningur við flugfreyjur fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Fyrirtækið telur sig hins vegar ekki vera starfandi á íslenskum markaði, heldur í Riga í Lettlandi. Flugliðar starfa sem verktakar hjá fyrirtækinu sem telur sig aðeins þurfa að greiða laun í samræmi við það sem gengur og gerist í Lettlandi. **– sa**

SMÁRALIND




**GERÐU ALLT KLÁRT FYRIR SKÓLANN Í EINNI FERÐ**

OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# Olíukostnaður fjórðungur af tekjum

**Hærra olíuverð er meginskýringin á versnandi afkomu WOW air. Verð á flugeldsneyti hækkaði um 36 prósent á fyrri helmingi ársins en ólíkt evrópskum keppinautum ver félagið ekki eldsneytiskaup sín. Greinandi segir að næstu vikur verði stór prófsteinn fyrir félagið.**

Eins prósents hækkun á verði á flugeldsneyti hefur neikvæð áhrif á afkomu WOW air að fjárhæð 1,6 milljónir dala eða sem jafngildir um 175 milljónum króna, að því er fram kemur í drögum að fjárfestakynningu norska verðbréfafyrirtækisins Pareto Securities vegna fyrirhugaðs skuldabréfaútboðs WOW air.

Til samanburðar hækkaði verð á flugeldsneyti um 36 prósent á fyrri helmingi þessa árs en í kynningunni segir að hækkanirnar séu helsti „mótbyrinn“ í rekstri flugfélagsins enda hafi félaginu ekki tekist að mæta þeim með því að hækka flugfargjöld.

Sveinn Þórarinsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans, segir að næstu vikur verði stór prófsteinn fyrir WOW air.

„Það er vissulega ástæða til þess að hafa áhyggjur af því hvort sum flugfélög séu í stöðu til þess að mæta hækkunum á olíuverði,“ segir hann.

Olíukostnaður nam um 25 prósentum af tekjum WOW air í fyrra, að því er segir í fjárfestakynningunni, en sambærilegt hlutfall hjá Icelandair var um 17 prósent.

Ólíkt helstu keppinautum sínum í Evrópu, þar á meðal Icelandair, ver WOW air ekki eldsneytiskaup sín fyrir sveiflum í olíuverði. Í kynningunni er bent á að WOW air etji ekki aðeins kappi við evrópsk flugfélög heldur jafnframt bandarísk félög sem verji jafnan ekki eldsneytiskaup sín. Til viðbótar sé floti flugfélagsins sparneytinn og þá hafi félagið gripið til ýmissa aðgerða sem hafi minnkað eldsneytisnotkun þess.

> **Það er ástæða til að hafa áhyggjur af því hvort sum flugfélög séu í stöðu til að mæta hækkunum á olíuverði.**
>
> Sveinn Þórarinsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans



### Þurfa að vera fjárhagslega sterk

Sveinn segir að flugfélög sem verji ekki eldsneytiskaup sín fyrir sveiflum í olíuverði þurfi að vera fjárhagslega í stakk búin til þess að taka á móti sveiflunum.

Hann bendir á að þau bandarísku félög sem verja ekki kaup sín séu að jafnaði fjárhagslega sterk og með góðan aðgang að fjármagni ef í harðbakkann slær.

Eiginfjárhlutfall WOW air var aðeins um 4,5 prósent í lok júní á þessu ári borið saman við 10,9 prósent í lok síðasta árs. Afkoma flugfélagsins hefur farið versnandi það sem af er ári en í fjárfestakynningunni er upplýst um að EBITDA félagsins – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – hafi verið neikvæð um 26 milljónir dala frá júlí í fyrra til júní síðastliðins. WOW air skilaði tapi upp á 22 milljónir dala, jafnvirði um 2,4 milljarða króna, í fyrra en verð á flugeldsneyti hækkaði um 20 prósent á árinu.

Fastlega er búist við því að olíuverð haldi áfram að hækka á næstu mánuðum en sem dæmi spá greinendur stórbankans Morgan Stanley því að heimsmarkaðsverð á Brent-hráolíu verði að meðaltali 85 dalir á fatið á síðustu sex mánuðum þessa árs. Til samanburðar er verðið nú um 72 dalir á fatið en það var 67 dalir í byrjun ársins. Sérfræðingar bankans telja að nýlegar viðskiptaþvinganir Bandaríkjastjórnar gagnvart Íran muni draga verulega úr framleiðslugetu síðarnefnda ríkisins og skerða þannig framboð á olíu á heimsmarkaði.

„Á meðan hefur eftirspurnin verið sterk og má búast við að hún aukist enn frekar á seinni helmingi ársins,“ segir Martijn Rats, greinandi hjá Morgan Stanley, í samtali við CNBC.

Sveinn nefnir að hækkandi olíuverð eigi að endingu að koma fram í hærri flugfargjöldum. Það hafi hins vegar ekki gerst enn þá. WOW air og önnur flugfélög, sér í lagi þau sem verja ekki kaup sín á eldsneyti, bindi væntanlega vonir sínar við að fargjöld taki að hækka sem fyrst.

kristinningi@frettabladid.is

## Hlutfall af eldsneytiskaupum flugfélaga sem eru varin til tólf mánaða




## Von á verri kjörum en í útboðum annarra félaga

Búast má við því að þau kjör sem WOW air munu bjóðast í fyrirhuguðu skuldabréfaútboði verði talsvert lakari en kjörin sem helstu keppinautum félagsins hafa boðist á undanförnum misserum, að mati viðmælenda Fréttablaðsins á fjármálamarkaði.

Sem dæmi jafngildir verð skuldabréfa lággjaldaflugfélagsins Norwegian Air um 800 punkta álagi á LIBOR-vexti um þessar mundir en viðmælendur blaðsins telja fullvíst að kjörin í skuldabréfaútboði WOW air verði vel yfir 1.000 punktum ofan á millibankavexti. Eins og greint var frá í Markaðinum í gær er áætlað að stærð útboðsins verði á bilinu 500 til 1.000 milljónir sænskra króna.

**Eclipse Cross**

**Besta Hekluverðið**
**Frá 3.990.000 kr.**

Sumarauki að verðmæti 350.000 kr. fylgir!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**Outlander PHEV** Instyle
Best búna útgáfan af Outlander PHEV

**Besta Hekluverðið**
**Frá 5.490.000 kr.**

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK








**L-200** Double Cab / 4x4 / Dísil / Beinskiptur

**Besta Hekluverðið**
**5.190.000 kr.**



Sumarauki að verðmæti 350.000 kr. fylgir!

Sumarauki og hleðslustöð að verðmæti 500.000 kr. fylgir PHEV!

**Nýr Mitsubishi á Besta Hekluverðinu**

Nú er góður tími til að fá sér nýjan Mitsubishi hjá Heklu því við vitum aldrei hvað svona frábært verð býðst lengi. **Tryggðu þér bíl á besta Hekluverðinu og aktu inn í sumarið.**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

**Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði.** Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði. Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdæmum.
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd




**20% kynningarafsláttur 16.–22. ágúst**

**af öllum Armani ilmum í snyrtivöruverslunum Hagkaups***

*ARMANI ILMIR FÁST EKKI Í HAGKAUP BORGARNESI OG REYKJANESBÆ

**HAGKAUP** *Meira svona alla daga*



**Hluti leiðarinnar úr Drekagili, með Vaðöldu og að Holuhrauni liggur um mjúkan og stóran sand.** MYND/HERMANN ÞÓR

# Skínandi foss í svartri eyðimörk

**Tómas Guðbjartsson** læknir og náttúruunnandi og **Sigtryggur Ari Jóhannsson** ljósmyndari fjalla um sérstæðar perlur í íslenskri náttúru.

Á norðausturhálendinu, skammt austan við Dyngjufjöll og sunnan við Vaðöldu eru Svartárbotnar. Þarna á Svartá upptök sín en hún er stærsta bergvatnsáin sem rennur í Jökulsá á Fjöllum. Þetta er risastór lindá þar sem tært vatnið bókstaflega sprettur út úr svörtum sandinum og er meðalrennslið í kringum 15-20 sekúndulítrar. Í Svartárbotnum og meðfram Svartá er einstakur hálendisgróður sem meðal annars skartar hvönn og stingur skemmtilega í stúf við svarta eyðimörkina allt í kring. Svartá rennur nokkra kílómetra til austurs en rétt áður en hún sameinast Jökulsá á Fjöllum fellur hún um foss sem heitir því fallega nafni Skínandi. Snotur fossinn kemur ekki síður á óvart í auðninni en gróðurinn við árbakkann.

Áður en Holuhrauni skaut upp á yfirborðið í ágúst 2015 voru Svartárbotnar og Skínandi eitt best varðveitta leyndarmálið á hálendinu. Gosið, sem er eitt það stærsta á sögulegum tíma og varði í nærri sex mánuði, ógnaði á tímabili fossinum en sem betur fer stöðvaðist hraunstraumurinn að lokum skammt frá. Nú er Skínandi kominn á landakortið þar sem einfaldast er að skoða Holuhraun við norðurenda þess. Ekið er í hálftíma eftir ógreinilegri en stikaðri leið frá skála Ferðafélags Akureyrar í Drekagili, en Dreki er síðasti viðkomustaður ferðalanga á leið í Öskju og Víti. Hluti leiðarinnar er upphaf Gæsavatna- og Dyngjufjallaleiða en mun auðveldari yfirferðar og ekki yfir neinar stórar ár að fara. Þó getur vað við norðurenda Holuhrauns verið grýtt og erfitt jepplingum.

Gangan að bæði Svartárbotnum og Skínanda tekur innan við hálftíma hvora leið. Eftir það er vel þess virði að skoða úfið Holuhraunið en það er að jafnaði um sextán metra þykkt og erfitt yfirferðar. Þess vegna hefur verið útbúin stikuð leið skammt frá bílastæði. Hún er stutt enda þekur Holuhraun 85 ferkílómetra sem er áþekkt yfirborði Manhattan. Þar sem hraunið hefur kólnað er ekki lengur hægt að baða sig í lækjum sem koma undan Holuhrauni en árfarvegirnir skarta enn grænum gróðri sem rekja má til hitans frá hrauninu.



**Sjá nánar á Fréttablaðið+**
Lengri umfjöllun má lesa á frettabladid.is.



**Fossinn Skínandi í Svartá.** MYND/HERMANN ÞÓR



**Ferðalangar við Svartárbotna.** MYND/HERMANN ÞÓR

Gangan að bæði Svartárbotnum og Skínanda tekur innan við hálftíma hvora leið. Eftir það er vel þess virði að skoða úfið Holuhraunið en það er að jafnaði um sextán metra þykkt og erfitt yfirferðar. Þess vegna hefur verið útbúin stikuð leið skammt frá bílastæði.



**Vaðalda framundan.** MYND/HERMANN ÞÓR



**Mosavaxnar eyrar í Svartá. Umhverfið þar er sannkölluð vin í eyðimörk.** w MYND/ÓLAFUR MÁR


KRÓNAN
Svarið við erfiðustu spurningu dagsins?
Triple BBQ garlic
299 kr. stk.
BBQ kjúklinga læri
Þú finnur uppskriftina hér:
kronan.is/korteri4
Lime
499 kr. kg
KORTER Í 4
Ferskt kóríander
299 kr. pk.
Kjúklingalærleggir án mjaðmabeins
1459 kr. kg
Maís stönglar ferskir
149 kr. stk.
Matur fyrir fjóra = 2.777 kr.
694 kr. á mann*
*Miðað við 250 g af kjúkling og 1 maísstöngul á mann
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



Ferskvatnið streymir með hraunjaðrinum í heldur dulúðugu umhverfi. MYND/TÓMAS



Horft yfir Holuhraun til Kverkfjalla. MYND/HERMANN ÞÓR



Vatnið streymir undan Holuhrauni. Árbotnarnir eru fagurgrænir. MYND/ÓLAFUR MÁR



Hvönn og annar gróður sprettur vel á bökkum Svartár. MYND/TÓMAS




Kort: map.is




Kynntu þér **Opel Crossland X** og bókaðu reynsluakstur á **crossland.opel.is**

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bílabúð Benna



Bakpoki blómamunstur
**TILBOÐSVERÐ: 14.139.-**
Verð áður: 20.199.-



Bakpoki sæblár
**TILBOÐSVERÐ: 14.139.-**
Verð áður: 20.199.-



Bakpoki blár með röndum
**TILBOÐSVERÐ: 14.139.-**
Verð áður: 20.199.-



Bakpoki fótbolti
**TILBOÐSVERÐ: 14.139.-**
Verð áður: 20.199.-




**TILBOÐSVERÐ FRÁ: 12.119.-**




**TILBOÐSVERÐ FRÁ: 5.000.-**




**TILBOÐSVERÐ: 4.000.-**



Ferðataska
4 hjól, 69 cm
**TILBOÐSVERÐ: 11.199.-**
Verð áður: 15.999.-



Ferðataska
4 hjól, 55 cm
**TILBOÐSVERÐ: 11.549.-**
Verð áður: 16.499.-



Ferðataska 4 hjól (Medium)
**TILBOÐSVERÐ: 12.949.-**
Verð áður: 18.499.-



Ferðataska hörð
4 hjól, 75 cm
**TILBOÐSVERÐ: 45.499.-**
Verð áður: 64.999.-

# ALLAR TÖSKUR 30% AFSLÁTTUR

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 20. ágúst eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Eftirlitsþjóðfélag



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Alls kyns frumvörp líta dagsins ljós, misgáfuleg eins og gengur. Eitt frumvarp, vægast sagt einkennilegt, er áberandi í fréttum þessa dagana. Það er frumvarp sjávarútvegsráðherra um heimild til að koma upp myndavélaeftirliti í sjávarútvegi. Tilgangurinn er að afla sönnunargagna um brot er snúa að brottkasti og löndun framhjá vigt. Nauðsynlegt er talið að finna þá einstaklinga sem þetta stunda, en það er víst ekki heiglum hent að hafa uppi á þeim. Sennilega eru þeir bæði lævísir og liprir og kunna vel að felast. Þá er víst ekkert annað til ráða en að hefja umfangsmikla leit að þeim og í því skyni skal ekkert til sparað. Heimilað skal að nota myndavélar og fjarstýrð loftför til að skapa alsjáandi eftirlit. Þannig skal fylgst með öllum þeim sem vinna um borð í veiðiskipum, auk þeirra sem vinna við löndun, flutning og vigtun afla. Þetta er enginn smá hópur og allir innan hans virðast liggja fyrirfram undir grun. Engin önnur skýring getur verið á því að allt þetta fólk skuli vaktað. Af þessu umstangi öllu mætti helst ætla að sjávarútvegurinn hafi laðað til sín alveg einstaklega svikult starfsfólk.

Það á ekki að teljast eðlilegt hlutskipti hins vinnandi manns að starfa á stað þar sem fyrirfram er gert ráð fyrir að hann stundi alls kyns blekkingar og svindl. Þar er honum ekki treyst til að vinna vinnu sína og talin er þörf á því að hafa alveg sérstakar gætur á honum. Vitanlega er það best gert með því að hafa hann stöðugt í mynd. Heppilegast er svo að stofnun haldi utan um allt eftirlit. Ekki er víst að ein stofnun anni því og þá gæti auðveldlega þótt ákjósanlegt að bæta við fleiri eftirlitsstofnunum. Ekki er þetta geðslegur veruleiki og fæstir vilja öruggulega lifa í honum. Samt er verið að gera tilraun til að festa hann í sessi með frumvarpi.

Velviljaður sjávarútvegsráðherra, Kristján Þór Júlíusson, segir að hugsun hans með frumvarpinu sé alls ekki að skapa eftirlitsþjóðfélag. Kristján Þór er vel upplýstur maður og ætti því að gera sér góða grein fyrir því að þarna er einmitt verið að stíga skref í þá átt. Frumvarpið er ansi hrollvekjandi því þar er gert ráð fyrir að haft sé eftirlit með ákveðnum hópi vinnandi fólks. Eftirlitið er komið í hlutverk Stóra bróður og horfir haukfránum augum yfir sviðið, með aðstoð nútímatækni, í leit að einstaklingum sem hugsanlega geta brotið af sér.

Hugmyndin um öflugt og víðamikið myndavélaeftirlit í sjávarútvegi er vitanlega forkastanleg. Það má spyrja sig hver hafi fengið þessu furðulegu hugmynd, en enn brýnna er að spyrja hvernig hún hafi ratað inn í frumvarpsdrög ráðherra. Var enginn þátttakandi í þessari vegferð sem fylltist efasemdum um réttmæti slíks eftirlits og sagði: Augnablik, eigum við aðeins að íhuga hvort við séum þarna á réttri leið? Hið augljósa svar er að með frumvarpinu eru menn á afar vafasamri vegferð – og er þá vægt til orða tekið.

**Það á ekki að teljast eðlilegt hlutskipti hins vinnandi manns að starfa á stað þar sem fyrirfram er gert ráð fyrir að hann stundi alls kyns blekkingar og svindl.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Það er 2018!**
**Upphrópunin „það er 2018“ er að verða ansi þreytt klisja en samt er eitthvað bogið og úrelt við að ekki megi nota þjóðsönginn við að ekki megi nota þjóðsönginn ferðina enn orðinn að þrætuepli og að hugmyndir pírataþingmannsins Helga Hrafns Gunnarssonar um að leggja til breytingu á lögum um sönginn þyki stappa nærri landráðum. Var þessi taugaveiklun ekki endanlega afgreidd með uppþotinu í kringum kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar, Okkar á milli, 1982 þar sem „Ó guð vors lands“ ómaði í því sem þá þótti annarleg útgáfa?**

**Tilfinningahiti og listrænn þungi**
**Thor Vilhjálmsson rithöfundur afgreiddi þann æsing í Morgunblaðinu fyrir nánast rennisléttum 36 árum 15. ágúst 1982 þegar hann sagði gráa „embættismenn koma upp úr skúffunum og segja að ekki megi nota þjóðsönginn, eins og hann gerir“. Thor benti á að reyndar væri „þetta ekki lögggiltur þjóðsöngur“ og ekki „fyrir mig og þig að syngja, þótt ættjarðarástin æsist í okkur“. Hann sá ekki „annað en þetta þjóni listrænum tilgangi Hrafns“ og benti á að í „1812 forleiknum“ eftir Tsjajkovskí sé „franski þjóðsöngurinn keyrður í kaf af rússnesku lagi“ og það án þess að „Frakkar geri út hersveitir úr sendiráðunum til að stöðva það“. thorarinn@frettabladid.is**

## Dýrkeypt andvaraleysi



Hanna Katrín Friðriksson
alþingismaður

Ríkisstjórnin er í bullandi stórsókn á öllum sviðum ef marka má hennar eigin orð. Auðvitað er gott að ríkisstjórnin spilar sókn en hitt er verra að það hefur gleymst að kippa almenningi með í sóknina.

Tökum löggæslumálin sem dæmi. Nýleg bráðabirgðaskýrsla ríkislögreglustjóra sýnir gríðarlega fjölgun umferðarlagabrota síðastliðin ár. Þau voru um 70.000 árið 2017 samanborið við um 37.000 árið 2013. Það kemur okkur öllum við hvernig lögreglan er í stakk búin til að takast á við þær áskoranir sem fylgja þessari hættulegu þróun.

Annað dæmi. Tilkynningum um heimilisofbeldi heldur áfram að fjölga. Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 402 slíkar tilkynningar fyrstu sjö mánuði þessa árs samanborið við 392 tilkynningar á sama tímabili í fyrra. Breytt verklag er ástæða þessarar miklu aukningar, en það hefur litið upp á sig að vinna að aukinni umræðu í samfélaginu og hvetja fólk þannig til að tilkynna ofbeldi ef lögreglan hefur ekki bolmagn til að takast á við verkefnið. Þjóðinni allri kemur við hvernig farið er með þessi mál.

Þriðja dæmið. Starfsumhverfi lögreglunnar hefur verið töluvert í fréttum undanfarið þar sem m.a. hefur verið sagt frá því að þetta sé sú starfsstétt sem oftast lendi í vinnuslysum og að hótanir og ofbeldi gagnvart lögreglumönnum verði sífellt algengari og alvarlegri. Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, segir undirmönnun lögreglu í áraraðir, aukna vímuefnaneyslu og neyslu harðari efna vera stóra hluta skýringarinnar. Það er hagsmunamál þjóðarinnar að vinnuumhverfi lögreglumanna sé í lagi. Þegar litið er til þessara staðreynda er erfitt að sjá nokkurn sóknarbrag á því hvernig búið er að löggæslu hér á landi. Fjárveitingar til lögreglunnar eru í engu samræmi við það að verkefnum fjölgar og að áskoranir og úrlausnarefnin verða sífellt fjölbreyttari, jafnvel alvarlegri. Í gær greindi Birgir Örn Guðjónsson lögreglumaður frá því að lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu hefðu verið upplýstir um að vegna slæmrar fjárhagsstöðu embættisins þyrfti að lágmarka mönnun á næturvöktum og skera niður æfingar.

Áhrifin af áframhaldandi andvaraleysi stjórnvalda geta orðið íslensku samfélagi dýrkeypt.

**Það er hagsmunamál þjóðarinnar að vinnuumhverfi lögreglumanna sé í lagi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Með kveðju frá Ítalíu

Í DAG
Þorvaldur Gylfason



Spillingin reyndist kosta sitt. Ítalir stóðu jafnfætis Þjóðverjum um aldamótin 2000 mælt í kaupmætti þjóðartekna á mann, en þeir búa nú við fjórðungi lægri tekjur á mann en Þjóðverjar.

Reykjavík – Ítalía hefur að heita má gengið í gegnum tvær stjórnmálabyltingar frá 1992. Fyrst hrundi gamla flokkakerfið til grunna. Flokkarnir sem höfðu stjórnað landinu frá stríðslokum 1945 voru tjargaðir og fiðraðir, einnig kommúnistaflokkurinn sem var gerspilltur líkt og hinir og hafði þegið ólöglegar gjaldeyrisyfirfærslur frá Sovétríkjunum í stórum stíl.

Sósíalistinn Bettino Craxi, forsætisráðherra landsins 1983-1987, flúði til Afríku og dó þar í útlegð 2000. Meira en helmingur þingmanna sætti ákæru fyrir lögbrot. Um 400 borgarstjórnir og bæjarstjórnir voru leystar upp vegna spillingar. Árlegar mútugreiðslur til stjórnmálamanna 1980-1990 til að liðka fyrir samningum við ríkið eru taldar hafa numið um fjórum milljörðum Bandaríkjadala samtals. Það jafngildir á núverandi verðlagi um 300.000 krónum á hverja fjögurra manna fjölskyldu á Ítalíu þessi tíu ár. Árin 1996-2006 fengu um 9.000 Ítalir dóma fyrir glæpi tengda spillingu. Spillingin reyndist kosta sitt. Ítalir stóðu jafnfætis Þjóðverjum um aldamótin 2000 mælt í kaupmætti þjóðartekna á mann, en þeir búa nú við fjórðungi lægri tekjur á mann en Þjóðverjar.

**Hreinar hendur**

Herferð dómstólanna á hendur brotlegum stjórnmálamönnum og vinum þeirra í viðskiptalífinu var kennd við hreinar hendur (ít. mani pulite). Aðalsaksóknarinn, Antonio Di Pietro, varð þjóðhetja. Vopnin snerust þó í höndum hans þegar hann þurfti að glíma við Silvio Berlusconi fyrir rétti. Allir vissu að Berlusconi var margfaldur lögbrjótur. Hann bar það utan á sér. Hann hóf feril sinn sem söngvari á súlustöðum nálægt Rimini og færði sig þaðan upp á skaftið m.a. í slagtogi með Bettino Craxi. Svo fór að Berlusconi var forsætisráðherra Ítalíu 1994-1995, 2001-2006 og 2008-2011, þ.e. í níu ár af 18 frá 1994 til 2011.

Margir Ítalir hugguðu sig þessi ár við þá hugsun að tvær stofnanir landsins væru þó altjent hafnar yfir spillingu, Hæstiréttur og Seðlabankinn. Svo fór þó að Antonio Fazio, bankastjóri Seðlabankans 1993-2005, neyddist til að segja af sér og fékk 4ra ára fangelsisdóm 2011 fyrir spillingu og svimandi háa fjársekt (1,5 milljónir evra). Konan hans notaði marga farsíma til að rugla lögregluna í ríminu. Ekki er vitað um lögbrot í Hæstarétti Ítalíu eða um málaferli dómaranna þar hvers gegn öðrum.

**Ítalíu allt!**

Úrslit þingkosninganna á Ítalíu í marz sl. má kalla aðra byltingu. Gömlu flokkarnir, þ.e. flokkarnir sem urðu til upp úr fyrri byltingunni eftir 1990, lentu í minni hluta, þ. á m. flokkur Berlusconis. Tveir nýir flokkar og gerólíkir mynduðu saman meirihlutastjórn sem hefur nú setið að völdum í nokkrar vikur. Annar stjórnarflokkurinn, Norðurbandalagið (ít. Lega Nord), hlaut 18% atkvæða. Hann var upphaflega flokkur aðskilnaðarsinna sem vildu að Norður-Ítalía segði sig úr lögum við Suður-Ítalíu. Flokkurinn hvarf frá þeirri stefnu og berst nú heldur gegn ríkisútgjöldum, skuldum og innflytjendum. Formaður flokksins, Matteo Salvini, er gamall kommúnisti og sækir sér fyrirmyndir til Trumps Bandaríkjaforseta. Ítalíu allt! og Ítalía fyrir Ítali! eru helztu vígorð flokksins. Salvini er innanríkisráðherra, dáir Pútín forseta Rússlands auk nýfasistaflokka í Frakklandi, Ungverjalandi og víðar og hefur í hótunum við minnihlutahópa.

**Fimm stjörnur**

Hinn stjórnarflokkurinn, Fimmstjörnuhreyfingin (ít. Movimento 5 Stelle), er annarrar gerðar. Hann varð til þegar landsfrægur skemmtikraftur og bloggari, Beppe Grillo, e.k. ítalskur Jón Gnarr, tók að sópa til sín fylgi með því að draga Berlusconi og þá hina sundur og saman í háði. Grillo dró sig í hlé fyrr í ár og valdist Luigi Di Maio, 32ja ára að aldri, þá til forustu hreyfingarinnar sem hefur m.a. borgaralaun á stefnuskrá sinni, þ.e. grunnframfærslu handa öllum óháð vinnuframlagi. Borgaralaun eru eitur í beinum Norðurbandalagsins.

Flokkarnir eru svo ólíkir hvor öðrum að þeim þótti ráðlegt að sækja forsætisráðherrann, utanríkisráðherrann og fjármálaráðherrann út fyrir sínar raðir. Þeir heita Giuseppe Conte, Enzo Moavero Milanesi og Giovanni Tria og eru allir hófstilltir prófessorar. Með þá þrjá innanborðs virðist ólíklegt að ríkisstjórnin nýja muni reyna að hrófla við veru Ítalíu í ESB og evrusamstarfinu.

Ítalía er enn sem fyrr ráðgáta, fögur með afbrigðum – og erfið.




# Hundrað þúsund krónur



Kristín Ólafsdóttir
fræðslu- og upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar

Haustið er spennandi tími fyrir flesta krakka. Skólinn og tómstundirnar hefjast á nýjan leik og þau hitta aftur félagana eftir sumarið. Þessi árstími getur hins vegar verið erfiður fyrir börn foreldra sem hafa lítið til skiptanna enda fylgir þessum tímamótum kostnaður sem getur verið þeim ofviða.

Varlega áætlað verja foreldrar grunnskólabarns um 100 þúsund krónum á haustin til þess að útbúa barnið fyrir veturinn. Vetrarfatnaður, skór og e.t.v. ný skólataska kostar sitt og fyrir krakka sem stundar íþrótt þarf svo að greiða þátttökugjald í íþróttafélagið og e.t.v. endurnýja búning. Sambærileg útgjöld fylgja tónlistarnámi ef barnið kýs það fram yfir íþróttirnar.

Auk þeirra útgjalda sem til falla í upphafi skólaársins greiða foreldrar mánaðarlega um 10 þúsund krónur fyrir hádegismat í skólanum og 17 þúsund krónur fyrir gæslu í frístund ef barnið er í 1.-4. bekk.

En kemur ekki eitthvað á móti? Jú, og með ólíkum hætti milli sveitarfélaga. Í Reykjavík er tómstundastyrkur t.d. um 50 þúsund krónur á ári. Oftast dugar hann til að greiða fyrir vorönn í íþróttum eða listnámi. En hvað með barnabæturnar? Jú, þær nýtast fólki vissulega en misjafnlega. Fólk sem býr við kröpp kjör nýtir þær til að eiga fyrir mat út mánuðinn.

Það skiptir mestu máli fyrir börn að alast upp við alúð og góð samskipti. Sem betur fer eru flestir foreldrar á Íslandi líka í þeirri stöðu að geta séð börnum sínum farborða, þar skiptir tengslanet stórfjölskyldu og vina miklu máli þegar mikið liggur við.

Foreldrar sem leita til Hjálparstarfs kirkjunnar eru hins vegar í þeirri stöðu að hafa ekki efni á að útbúa börnin í upphafi vetrar. Margir þeirra er á leigumarkaði og að sligast undan hárri leigu, fólk sem býr eitt með barni sínu hefur aðeins einar tekjur til að sjá fyrir því og þegar fólk veikist eða slasast getur það haft mjög hamlandi áhrif, líka fjárhagslega.

Þegar tengslanetið er gloppótt þurfum við að sanna okkur sem samfélag. Það á ekkert barn að vera útundan. Þau eiga öll að geta notið bernskunnar áhyggjulaus og virk í samfélagi við jafnaldra sína. Að því vill Hjálparstarfið vinna og biður um stuðning með því að senda valgreiðslu í heimabanka.



brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050
Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16
ford.is

# Loftslagsbreytingar: Baráttan er ekki töpuð og hvað getur þú gert?



Hildur Knútsdóttir
rithöfundur

Sumarið hefur verið skrýtið. Rigningarmet var slegið í Reykjavík og Evrópa er að stikna. Ástralía hefur aldrei verið þurrari og víða geisa illviðráðanlegir skógareldar. Þetta eru loftslagsbreytingar. Mættar í dag, en ekki í einhverri óskilgreindri, fjarlægri framtíð.

Fyrr í vikunni birtist svo vísindagrein sem hefur skekið marga. Í henni eru færð rök fyrir því að við færumst sífellt nær vendipunktum sem hleypa af stað hamslausum loftslagsbreytingum og tíminn til aðgerða er sagður naumur.

Ég hef orðið vör við það að margir í kringum mig virðast nýbúnir að átta sig á umfangi vandans og hafa strax misst móðinn. En það er ekki fyrr en við ákveðum fyrirfram að baráttan sé töpuð sem við innsiglum örlög okkar. Og mannkynið er seigt. Sagan hefur sýnt að samhent getum við áorkað ótrúlegustu hlutum. Þegar ég er svartsýn þá hugga ég mig við að það er yfirleitt ómögulegt að sjá fyrir byltingar. Og ég vona svo innilega að bylting í loftslagsmálum sé á næsta leiti.

**Nokkur einföld skref**

Ég er í grunninn á móti því að ábyrgðinni á því að kljást við loftslagsvandann sé velt yfir á einstaklinginn. Ég tel að ríki, sveitarfélög og atvinnulíf eigi að draga vagninn og skapa leikreglur og viðskiptaumhverfi sem stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda.

En það er erfið tilhugsun að þurfa að bíða næstu kosninga til að reyna að hafa áhrif. Og ekkert er eins lamandi og að upplifa sig valdalausa/n. Því hef ég tekið saman nokkur skref sem einstaklingar geta tekið til að leggja sitt af mörkum í baráttunni við loftslagsbreytingar. Því það er, engu að síður, fullt sem við getum gert og allt leggst það í púkkið.

- Draga úr neyslu. Endurvinna, endurnýta og kaupa notað þegar kostur er. Það er gott að spyrja sig fyrir kaup: Þarf ég á þessu að halda? Mun varan endast eða er hún svo gott sem einnota? Matarsóun er líka mikill mengunarvaldur og það er árangursríkt og auðvelt að minnka hana.
- Nota almenningssamgöngur, hjóla eða labba. Rannsóknir hafa líka sýnt að fyrir þeim sem keyra er ferðin til og frá vinnustað versti hluti dagsins. En þeir sem labba, hjóla eða nota almenningssamgöngur segja að ferðir í og úr vinnu séu besti hluti dagsins. Win/win!
- Draga úr eða hætta alveg neyslu á dýraafurðum. Kjöt- og mjólkuriðnaður mengar gríðarlega. Þar er líka oft farið hræðilega með skynugar skepnur, svo þetta skref dregur líka úr þjáningum heimsins. Annað win/win!
- Fljúga eins lítið og hægt er og kolefnisjafna þær ferðir sem eru nauðsynlegar. Það er til fullt af þægilegum síðum á netinu. Ég hef til dæmis notað atmosfair.de, svo er www.kolvidur.is íslensk síða.
- Styrkja umhverfis- og baráttusamtök. Ég styrki t.d. bæði innlend og erlend samtök mánaðarlega. Svo hefur verið reiknað út að ein áhrifaríkasta loftslagsaðgerðin sé að mennta konur í þróunarlöndum, því menntaðar konur eignast færri börn, sem þýðir minni fólksfjölgun, sem þýðir minna álag á umhverfið. Og það er fullt af samtökum sem beita sér fyrir því og bæta um leið líf kvenna víða um heim. Win/win!
- Og síðast en ekki síst: Nota hvert tækifæri sem gefst til að þrýsta á stjórnvöld, sveitarfélög, atvinnulíf og eigin vinnustaði til aðgerða. Það er hægt að gera á milli kosninga. Meira að segja oft í viku, sé maður í stuði.

# Útlendingar og landsbyggð



Guðjón Sigurbjartsson
viðskiptafræðingur í framboði til formanns Neytendasamtakanna

Bráðum eru 100 ár síðan athafnamaðurinn Thor Jensen setti upp myndarlegt mjólkurbú á Korpúlfsstöðum. Starfsemin stóð frá 1929 til 1934 með um 300 kýr í fjósinu. Mjólkin var unnin á býlinu af stakri fagmennsku og dreift beint til viðskiptavina í Reykjavík á glerflöskum, það er „beint frá býli“ og sá meirihluta bæjarbúa fyrir mjólk.

Margir óttuðust afleiðingar þessa stórbúskapar í nágrenni þéttbýlis og 1934 stöðvaði Alþingi tilraunina með Mjólkursölulögum og lögfesti þar með smábúskap um allt land.

Síðasta áratug hafa mjólkurbú aftur verið að stækka og þeim að fækka með tilkomu mjaltaþjóna. Nokkur bú slaga nú orðið upp í Korpúlfsstaðabúið að stærð. Mjólkursölulögin gerðu því ekki annað en tefja framþróunina í um 100 ár.

Nú er komin ný ógn frá „ríkum útlendingum sem eru að kaupa upp heilu landshlutana“. Margir óttast nú að búskapur leggist af á stórum landsvæðum og heimta lög sem stöðva uppkaupin. Rökin eru vel þekkt, það er tryggja þarf: fullveldi þjóðarinnar; auðlindirnar áfram í eigu þjóðarinnar; næga matvælaframleiðslu í landinu; og byggðafestu.

Norður-Kórea hvað?

**Breytinga er þörf**

Á næstu árum mun mjólkurbúum fækka úr um 600 í um 200 með áframhaldandi mjaltaþjónavæðingu.

Sauðfjárbúum mun fækka úr um 2.000 í undir 1.000. Lambakjötsframleiðslan er um 35% umfram innanlandsþörf og mismunurinn seldur til útlanda á verðum sem ekki duga fyrir framleiðslukostnaði. Neysla lambakjöts á mann fer minnkandi og lausaganga búfjár veldur umhverfisskaða og slysahættu.

**Svo undarlegt sem það nú er þá er matur eina varan sem tolluð er inn í landið! Niðurfelling matartollanna mun lækka verð kjöts, eggja og mjólkurvara um 35% eða svo.**

Í sjávarútvegi verða einnig miklar breytingar á næstu árum kenndar við fjórðu iðnbyltinguna og störfum í greininni mun fækka.

Störf í landbúnaði, sjávarútvegi og tengdum greinum nýttu fyrir 100 árum um 90% af vinnuaflinu en nú um 10%. Útlit er fyrir áframhaldandi fækkun næstu áratugi alla vega um helming, samhliða tæknivæðingu.

Hvað tekur þá við?

**Nýsköpun á landsbyggðinni**

Það sem tekur við eru störf sem byggja á menntun, hugkvæmni og kjarki til að gera það sem gera þarf.

Uppfært landbúnaðarkerfi þarf að styðja virka bændur óháð búgreinum og magni framleiðslu, að vissum skilyrðum uppfylltum. Fyrirmyndin í Evrópu kallast CAP, Sameiginlega landbúnaðarstefnan. Nýja stefnan nýtir markaðsöflin bændum og neytendum í hag og er umhverfisvæn sem hljóta að vera meginmarkmið endurskoðunar búvörusamninga sem unnið er að.

Svo undarlegt sem það nú er þá er matur eina varan sem tolluð er inn í landið. Niðurfelling matartollanna mun lækka verð kjöts, eggja og mjólkurvara um 35% eða svo. Lækkunin nemur um 100.000 kr. á mann á ári eða 400.000 kr. á fjögurra manna fjölskyldu. Hátt matvælaverð er stóralvarlegt fyrir fátækt barnafólk og tekjulága bótaþega. Svo hamlar það vexti ferðaþjónustunnar um land allt því ferðamenn eru líka neytendur. Í Evrópu er almennt opinn markaður með matvæli og verð mikið lægra en hér. Lækkun vaxta með alþjóðlegum gjaldmiðli kæmi landsbyggðinni líka vel.

**Tökum vel á móti framtíðinni**

Síðustu 100 ár sýna að þeir sem standa gegn þróuninni tapa. Opinn markaður með jarðir stuðlar að sanngjörnu verði. Gott verð nýtist seljendum í nýjum verkefnum og stuðlar að greiðari þróun atvinnulífs og mannlífs. Erlendir kaupendur færa með sér fleira en fjármagn og auðga flóruna sem kemur sér almennt vel.

Verum hugrökk og tökum vel á móti framtíðinni.

*Tilvísanir:*
*betrilandbunadur.wordpress.com/*
*grafarvogsbuar.is/korpulfsstadir/*






# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA



WWW.BILALAND.IS

**Bílaland býður nokkra bíla á einstökum kjörum! Komdu strax í dag og tryggðu þér góðan bíl á frábæru verði!**

Lykill fjármögnun

Mánaðargreiðsla er gerð samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðu lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

## ÞÚ FINNUR BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS

47.784 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




HONDA CRV Executive
Nýskr. 03/16, ekinn 72 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.490 þús. kr.**

TILBOÐ:
**3.690 þús. kr.**

13.096 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




SKODA Fabia
Nýskr. 05/16, ekinn 101 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.490 þús. kr.**

TILBOÐ:
**990 þús. kr.**

37.506 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




KIA Sportage EX
Nýskr. 12/15, ekinn 60 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.890 þús. kr.**

TILBOÐ:
**2.890 þús. kr.**

45.214 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




SUBARU Forester Premium.
Nýskr. 07/16, ekinn 54 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
**3.490 þús. kr.**

28.513 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




NISSAN Qashqai Acenta 4wd.
Nýskr. 02/16, ekinn 102 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 2.790 þús. kr.**

TILBOÐ:
**2.190 þús. kr.**

37.506 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




TOYOTA Rav4 GX
Nýskr. 05/16, ekinn 95 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.590 þús. kr.**

TILBOÐ:
**2.890 þús. kr.**

41.360 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 05/17, ekinn 30 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 3.790 þús. kr.**

TILBOÐ:
**3.190 þús. kr.**

23.374 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




NISSAN Pulsar Tekna
Nýskr. 10/15, ekinn 59 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.390 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.790 þús. kr.**

13.096 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




HYUNDAI i20 Classic
Nýskr. 06/14, ekinn 36 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 1.390 þús. kr.**

TILBOÐ:
**990 þús. kr.**

16.950 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




NISSAN Note Acenta
Nýskr. 11/14, ekinn 37 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 1.690 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.290 þús. kr.**

19.519 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




FORD Mondeo
Nýskr. 09/14, ekinn 59 þ.km,
bensín, beinskiptur.
**Verð 2.290 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.490 þús. kr.**

20.804 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




OPEL Ampera Hybrid
Nýskr. 02/13, ekinn 49 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.490 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.590 þús. kr.**

58.062 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




SUBARU Outback Premium.
Nýskr. 07/17, ekinn 20 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
**4.490 þús. kr.**

42.645 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




SUBARU Forester Premium
Nýskr. 07/16, ekinn 73 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.890 þús. kr.**

TILBOÐ:
**3.290 þús. kr.**

31.082 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




SKODA Octavia Ambition 4x4
Nýskr. 04/16, ekinn 78 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 3.090 þús. kr.**

TILBOÐ:
**2.390 þús. kr.**

47.784 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




HYUNDAI Santa Fe III Comfort
Nýskr. 06/15, ekinn 96 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.390 þús. kr.**

TILBOÐ:
**3.690 þús. kr.**

16.808 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




RENAULT Megane Sport Tourer
Nýskr. 08/11, ekinn 90 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 1.390 þús. kr.**

TILBOÐ:
**980 þús. kr.**

18.235 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




RENAULT Clio Expression Sport Tourer
Nýskr. 07/15, ekinn 40 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 1.890 þús. kr.**

TILBOÐ:
**1.390 þús. kr.**

56.777 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




BMW X1 Xdrive20d
Nýskr. 05/17, ekinn 27 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
**4.390 þús. kr.**

38.791 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.




HYUNDAI Santa Fe III Style
Nýskr. 11/15, ekinn 170 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.990 þús. kr.**

TILBOÐ:
**2.990 þús. kr.**

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndbrengli. ENNEMM / SÍA / NM89374

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
**www.facebook.com/bilaland.is**

**Opið frá kl. 9-18 og
á laugardögum frá kl. 12-16.**

**bílaland**

## Eygja fyrsta bikarmeistaratitilinn í karlaflokki



Stjarnan komst í úrslit Mjólkurbikarsins með 2-0 sigri á FH á heimavelli sínum í gærkvöld þar sem Guðjón Baldvinsson, hér fyrir miðju, skoraði eitt og lagði upp annað. Garðbæingar leika því til úrslita um bikarmeistaratitilinn í bæði karla- og kvennaflokki en karlaliðið er komið í úrslitin í fyrsta sinn í fimm ár. Þeir eiga enn eftir að klófesta bikarmeistaratitilinn í karlaflokki en fá tækifæri til þess í úrslitaleiknum eftir mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Nýjast

**Mjólkurbikar karla**

**Stjarnan - FH 2-0**

1-0 Guðjón Baldvinsson (44.), 2-0 Guðmundur Steinn Hafsteinsson (85.).

## Sigríður Lára til meistaranna

**FÓTBOLTI** Sigríður Lára Garðarsdóttir er gengin í raðir Noregsmeistara Lillestrøm. Hún kemur til Lilleström frá ÍBV sem hún hefur leikið með allan sinn feril. Samningur Sigríðar Láru við Lillestrøm er til áramóta. Eftir það verður hann endurskoðaður.

Sigríður Lára, sem er 24 ára, vann sér sæti í íslenska landsliðinu á síðasta ári og fór með því á EM í Hollandi. Eyjakonan hefur leikið 13 landsleiki.

Sigríður Lára hefur alls leikið 125 leiki fyrir ÍBV í efstu deild og skorað 19 mörk. Hún skoraði sigurmark ÍBV í bikarúrslitaleiknum gegn Stjörnunni í fyrra.



Lilleström hefur unnið alla 14 leiki sína í norsku úrvalsdeildinni á tímabilinu. Liðið er með tólf stiga forskot á Klepp og það bendir allt til þess að það verði norskur meistari fimmta árið í röð. Næsti leikur Lillestrøm er gegn Arna-Bjørnar á laugardaginn. – iþs

# Ætlað að fylla skarð Írana á kantinum

**Albert Guðmundsson segir flest benda til að hann muni leika stærra hlutverk í aðalliði AZ Alkmaar en hann gerði hjá PSV Eindhoven. Þess vegna ákvað hann að söðla um og færa sig um set á milli liðanna í vikunni. Hann segir að það stefni í titilbaráttu milli liðanna.**

**FÓTBOLTI** Albert Guðmundsson varð í upphafi vikunnar enn einn íslenski knattspyrnumaðurinn sem rekur á fjörur hollenska liðsins AZ Alkmaar. Íslenski landsliðsframherjinn kemur til liðsins frá PSV Eindhoven, en þetta er þriðja hollenska liðið sem hann er á mála hjá.

Albert gekk til liðs við Heerenveen frá KR árið 2013, þá 16 ára gamall, og söðlaði svo um og fór til PSV Eindhoven þar sem hann hefur mestmegnis leikið með varaliði félagsins. Hann lék svo níu leiki með aðalliðinu þegar liðið varð hollenskur meistari síðasta vor.

Albert sá hins vegar fram á að spiltími hans með aðalliði félagsins á yfirstandandi leiktíð yrði áfram af skornum skammti og ákvað því að færa sig um set til AZ Alkmaar í leit að meiri tíma inni á knattspyrnuvellinum. Liðið endaði í þriðja sæti hollensku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili.



Albert á æfingu með PSV á dögunum en nú er undir honum komið að sanna sig í hollensku úrvalsdeildinni með liði AZ Alkmaar. NORDICPHOTOS/GETTY

„Eins og ég sagði síðasta vor þá fannst mér vera kominn tími á að spila aðalliðsfótbolta fljótlega. PSV Eindhoven hélt sínum sterkustu leikmönnum sem spila framarlega á vellinum og þeir leikmenn voru búnir að vinna sér sæti í liðinu og því fannst mér nauðsynlegt að breyta til,“ sagði Albert um vistaskiptin.

„AZ Alkmaar hefur haft auga á mér lengi og það kom til greina að ég færi þangað þegar ég fór til PSV Eindhoven á sínum tíma. Þeir buðu mér góðan samning, eru að greiða þokkalega hátt kaupverð fyrir mig og það eru meiri líkur á að ég fái að spila þarna. Nú er það bara undir mér komið að sanna mig.“

AZ Alkmaar seldi íranska kantmanninn Alireza Jahanbakhsh til enska úrvalsdeildarliðsins Brighton í sumar og Albert telur að hann verði fyrst og fremst hugsaður sem kantmaður fyrst um sinn. Forráðamenn liðsins vita hins vegar að hann getur leyst fleiri stöður.

> Ég hugsa að stysta leiðin fyrir mig inn í liðið sé í kantstöðurnar, annaðhvort hægra eða vinstra megin.
>
> Albert Guðmundsson

„Ég hugsa að stysta leiðin fyrir mig inn í liðið sé í kantstöðurnar, annaðhvort hægra eða vinstra megin. Þriðji þjálfari liðsins þjálfaði mig þegar ég kom fyrst til PSV Eindhoven og stýrði mér hjá varaliðinu þar. Þeir vita að ég get spilað á miðjunni og sem framherji, en fyrst um sinn hugsa ég að ég muni spila á kantinum,“ sagði Vesturbæingurinn um hlutverk sitt hjá nýjum vinnuveitanda.

„Liðið var í toppbaráttu við PSV Eindhoven og Ajax á síðustu leiktíð og ég hugsa og vona að það verði eins á þessu tímabili. Það hafa ekki orðið miklar breytingar á leikmannahópi liðsins og það er raunhæft fyrir okkur að stefna á að veita fyrrgreindum liðum keppni við topp deildarinnar.“

Hann gæti fengið fyrstu mínútur sínar strax um helgina.

„Það er leikur á sunnudaginn hjá okkur og ég vonast til þess að vera í leikmannahópnum þar. Ég næ hins vegar bara þremur fótboltaæfingum fyrir þann leik svo það er ekki víst að ég komi við sögu í leiknum, en við sjáum til.“ hjorvaro@frettabladid.is

GERPLA

**Aðalfundur Íþróttafélagsins Gerplu verður haldinn í dag fimmtudaginn 16.ágúst**

Fundurinn fer fram í félagsaðstöðu Gerplu á annarri hæð í Versölum 3 og hefst 18:00.

Hefðbundin aðalfundarstörf
*Stjórn Gerplu*

**Ath.**
Fundurinn er pappírslaus, fundargögn má nálgast á netinu.

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 16. ÁGÚST 2018



Poppdrottningin Madonna er 60 ára í dag. Hún er meðal 100 mestu áhrifavalda sögunnar á tískuheiminn.

tíska →4






Hjá Brandtex er sérlega mikið úrval af stílhreinum, litríkum og fallegum fatnaði í stærðunum 34-56 sem hentar vel bæði fyrir borgarlífið og útivistina í vetur.

## Glæný og fersk vörumerki í Brandtex

Nú standa yfir kynningardagar í Brandtex í Kringlunni en þar fæst einstaklega fallegur fatnaður í nútímastíl. Brandtex kynnir einnig ný og spennandi vörumerki í verslun sinni fyrir veturinn og nýju netverslunina www.brandtex.is. →2











Framhald af forsíðu

Kvenfataverslunin Brandtex sem opnuð var fyrr á árinu heldur áfram að fylgja helstu tískustraumunum sem eru ríkjandi hverju sinni. „Verslunin býður upp á einstaklega fallegan fatnað í gæðalegum nútímastíl. Hann er í senn stílhreinn og litríkur og fæst í stærðunum 34-56,“ segir Bryndís Sigurðardóttir, verslunarstjóri Brandtex.

„Vöruúrvalið hjá Brandtex hefur verið aukið til muna og búið er að bæta við flóruna tveimur nýjum vörumerkjum sem fylgja unglegum og ferskum tískustraumum. Þau heita B. Brandtex Copenhagen og B. Brandtex Coastline og það sem áður hét Brandtex heitir nú B. Brandtex Classic. Annað vörumerkið sýnir einstaklega fallegan borgarstíl og hitt hentar sérstaklega vel fyrir konur sem stunda útiveru. Þar eru úlpur, hlýjar peysur, húfur og treflar einna helst einkennandi,“ segir Bryndís. Verslunin heldur áfram að bjóða vörulínurnar frá Signature, Jensen, Ciso og Imitz.

## Ný netverslun opnuð

Á dögunum var opnuð ný netverslun, www.brandtex.is, þar sem hægt er að skoða allt það nýjasta og ferskasta í tískunni hverju sinni. Netverslunin er sérlega aðgengileg og þægileg í notkun.

„Að gefnu tilefni eru allir velkomnir á sérstaka kynningardaga 16.–19. ágúst í versluninni Brandtex, sem er staðsett á 2. hæð í Kringlunni. Léttar veitingar, glæsilegt happdrætti og flott kynningartilboð verða í boði. Snyrtifræðingur verður á svæðinu til að veita konum ráðgjöf. Við hvetjum alla til að koma og kynna sér þessar stórglæsilegu vörur sem verslunin hefur upp á að bjóða,“ segir Bryndís.

> **Allir eru velkomnir á sérstaka kynningardaga, 16.–19. ágúst í Brandtex sem er staðsett á 2. hæð í Kringlunni.**
>
> Bryndís Sigurðardóttir

Af þessu tilefni slá Brandtex og Bylgjan upp glæsilegum leik þar sem ein heppin kona getur unnið glæsilega yfirhöfn frá Brandtex fyrir veturinn. Hægt er að skrá sig til leiks og velja yfirhöfnina á www.bylgjan.is. Einnig ætlar Sigga Lund að gefa tveimur heppnum konum gjafabréf að andvirði 50.000 krónur í beinni útsendingu í þættinum sínum um næstu helgi.

Fylgstu vel með á Bylgjunni, skráðu þig til leiks og vertu velkomin á kynningardaga Brandtex á annarri hæð Kringlunnar 16.–19. ágúst.

Nánari upplýsingar má fá á heimasíðunni www.brandtex.is



Sigríður Ómarsdóttir, Bryndís Sigurðardóttir og Berglind Ásgeirsdóttir hjá Brandtex. MYND/STEFÁN

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 36. STARFSÁR



Menningarnótt í Reykjavík 2018

# SÁLMAFOSS í HALLGRÍMSKIRKJU

18. ágúst kl. 15-21















## DAGSKRÁ

**15.00 Sálmasöngur - samsöngur**

**15.10 Sálmar á nýrri öld - Kammerkórinn Schola cantorum undir stjórn Harðar Áskelssonar og Sigurður Flosason tónskáld og saxófónleikari kynna og flytja nýja sálma eftir Sigurð og Aðalstein Ásberg Sigurðsson skáld. Sigurður rammar inn flutninginn með spjalli og spuna á saxófón.**

**15.55 Klukkuspil Hallgrímskirkju. Sálmar óma á "Menningarnótt".**

**16.00 Sálmasöngur - samsöngur**

**16.10 Söngsveitin Fílharmónía flytur fjölbreytta kórtónlist undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar.**

**16.40 Lára Bryndís Eggertsdóttir leikur sálmforleiki á Klais-orgelið.**

**16.55 Klukkuspil Hallgrímskirkju. Sálmar óma á "Menningarnótt".**

**17.00 Sálmasöngur -samsöngur**

**17.10 Mótettukór Hallgrímskirkju syngur sálmaútsetningar og mótettur undir stjórn Harðar Áskelssonar. Bergljót Arnalds syngur Heyr, himna smiður með kórnum.**

**17.30 Hannfried Lucke, konsertorganisti frá Salzburg, leikur á Klaisorgelið**

**17.55 Klukkuspil Hallgrímskirkju. Sálmar óma á "Menningarnótt".**

**18.00 Sálmasöngur - samsöngur**

**18.10 Umbra, flytur maríusöngva frá miðöldum, antifón eftir Hildegard von Bingen og veraldlega og trúarlega þjóðsöngva. Hópinn skipa þær Alexandra Kjeld, Arngerður María Árnadóttir, Lilja Dögg Gunnarsdóttir og Sigrún Harðardóttir.**

**18.35 Björn Steinar Sólbergsson organisti Hallgrímskirkju flytur fjölbreytta orgeltónlist.**

**18.55 Klukkuspil Hallgrímskirkju. Sálmar óma á "Menningarnótt".**

**19.00 Sálmasöngur - samsöngur**

**19.10 Hildigunnur Einarsdóttir altsöngkona og Björn Steinar Sólbergsson flytja sálma og aríur eftir Bach o. fl.**

**19.30 Sálmaspuni. Sigurður Flosason saxófónleikari og Gunnar Gunnarsson orgelleikari spinna út frá þekktum sálmum.**

**19.55 Klukkuspil Hallgrímskirkju. Sálmar óma á "Menningarnótt".**

**20.00 ManKan rafspunadúett. Guðmundur Vignir Karlsson og Tómas Manoury. Rafspunadúettinn ManKan tengist midi-búnaði Klaisorgelsins.**

**20.30 Orgelspuni og sálmforleikir. Hannfried Lucke konsertorganisti frá Salzburg kemur sálmafossgestum á óvart með fjölbreyttri túlkun á Klaisorgelið**

**21.00 Klukkuspil Hallgrímskirkju ómar út í nóttina.**

**Ókeypis aðgangur og allir velkomnir!**

Kynnar: Dr. Sigurður Árni Þórðarson sóknarprestur Hallgrímkirkju, og Inga Harðardóttir, æskulýðsfulltrúi Hallgrímskirkju.Inga Rós Ingólfsdóttir framkvæmdastjóri Listvinafélags Hallgrímskirkju. Listrænn stjórnandi og ábyrgðarmaður Sálmafoss er Hörður Áskelsson kantor Hallgrímskirkju.

**www.listvinafelag.is**

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að Leiðsögn erlendra og innlendra ferðamann um Ísland.

- Flest stéttarfélög styrkja nemdur til náms.
- Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu.

**Helstu námsgreinar:**

- Helstu viðkomustaðir ferpamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samskipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landin, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

**Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.**

**Umsögn:** Fyrir nokkrum áruð stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og virðingu sem okkur ber að sýna í því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila.

**Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.**



Guðrún Helga Bjarnadóttir

Ferðamálaskóli Íslands
The Icelandic School of Travel and Tourism

OPIÐ 8-22

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466




Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is




ÚTSÖLUVÖRUR • VERÐHRUN • REYFARKAUP

BERNHARÐ LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

# Madonna sextug

## Poppdrottningin Madonna er 60 ára í dag. Hún er meðal 100 mestu áhrifavalda sögunnar á tískuheiminn.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is





Madonna var fimm ára þegar hún missti móður sína. Henni gekk vel í skóla og dreymdi um að verða nunna. Krossar eru áberandi skart á ferli hennar.

Ég lít ekki þannig á að ég eigi í baráttu við elli kerlingu. Ég held bara áfram að lifa mínu lífi, rétt eins og ég hef alltaf gert og geri ekkert öðruvísi. Ég held áfram að vera skapandi, starfa að list minni, skrifa, fræðast, ferðast um heiminn og vera ævintýragjörn. Ég hlusta á börnin mín, veiti þeim athygli og horfi á heiminn með þeirra augum, en allt heldur það manni ungum,“ sagði Madonna í nýlegu viðtali við tímaritið The Cut sem tekið var í aðdraganda sextugsafmælisins.

Madonna býr nú í Lissabon, höfuðborg Portúgals, ásamt fjórum börnum sem hún ættleiddi frá Malaví á árunum 2006 til 2017.

„Ég hefði vel getað búið áfram í New York en það heldur manni ungum og lifandi að stíga út fyrir þægindarammann. Ég hef tileinkað mér að vera ekki værukær heldur taka sífellt nýja áhættu. Sumir kjósa að setjast í helgan stein á þessum tímamótum en það er ekki fyrir mig. Vitaskuld þarf maður líka að hugsa vel um sig, borða næringarríkan mat og huga að daglegri hreyfingu, en ég hef ætíð hugsað vel um sjálfa mig, hef til dæmis aldrei reykt og fer ekki í sólböð.“



### Fer eigin leiðir

Madonna er femínískt náttúruafl. Hún hefur unnið ötullega að baráttumálum kvenna og talað hátt gegn aldursfordómum. „Okkur vantar fyrirmyndir. Margir óttast það sem þeir ekki þekkja en konur hafa nú aðra stöðu í heiminum. Við finnum okkur fleiri verkefni og berjumst fyrir jafnrétti. Á sama tíma þurfum við að sinna eigin frama og okkur sjálfum. Það gerum við með því að vera áfram forvitnar um lífið, lifa því lifandi og gera sjálfum okkur gott.“

Madonna segir engar reglur gilda þegar kemur að lífi og tilveru eldri kvenna.

„Það er úrelt og fáránleg hugmynd feðraveldisins að konur hætti að vera skemmtilegar, forvitnilegar, fallegar og kynæsandi eftir fertugt. Af hverju ættu karlar einir mega vera ævintýragjarnir, kynferðislegir og skemmta sér fram á grafarbakkann? Við konur eigum að berjast gegn þessari tímaskekkju með því að rísa upp gegn siðferðisreglum og ríkjandi viðmiðum sem banna okkur að gera slíkt hið sama. Eftir því sem fleiri konur standa saman er aðeins tímaspursmál hvenær við útrýmum þessu og sem dæmi var ég í upphafi ferilsins gagnrýnd fyrir að vera of kynferðisleg í sköpun minni en í dag þykir það sama vera hlægilegt.“

Standandi á sextugu segist Madonna vissulega upplifa aldursfordóma.

„Ég er iðulega snupruð fyrir að deita yngri menn og gera hluti sem eru eyrnamerktir yngri konum, en hver bjó til þá reglu? Hver segir að ég megi ekki gera það sem ég vil? Ég mun áfram halda mínu striki og eftir tíu til tuttugu ár munu gagnrýnisraddirnar þagna. Þá verður þetta orðin viðtekin venja.“

### Styrkir fátæk börn í Malaví

Í tilefni stórafmælisins hefur Madonna mælst til þess við aðdáendur sína að styrkja fátæk og munaðarlaus börn í Malaví.

„Þegar ég kom fyrst til Malaví sá ég svo ótal mörg börn yfirgefin og munaðarlaus vegna alnæmis. Varnarleysi þeirra snart mig mjög og að sjá foreldra þeirra og fjölskyldumeðlimi liggja fyrir dauðanum, en geta ekkert gert til að breyta því. Á sama tíma dáðist ég að hamingju þeirra og gleði, þrátt fyrir mikinn missi, sorg og allsleysi. Það var lærdómsríkt, og þótt ég hefði komið til Malaví til að hjálpa sem mest ég mátti, voru það börnin sem hjálpuðu mér að þekkja þakklæti,“ segir Madonna sem hleypti af stokkunum húðlínunni MDNA Skin sem inniheldur endurnærandi jurt sem vex um alla Afríku. Stór hluti tekna af húðvörunum rennur beint til hjálparstarfs í Afríku, í menntun stúlkna, skólabyggingar, heilsugæslu og til barnalækna.



Madonna hannaði þennan fræga búning með Jean Paul Gaultier.



Madonna er gjarnan ögrandi á sviði og sýnir óhikað stæltan kroppinn.



Madonna í fjólublárri paisley-dragt af virðingu og í minningu Prince.

# Litríkt og mynstrað haust í Comma

## Haustið er komið í Comma í Smáralind og verslunin stútfull af nýjum vörum. Köflótt, röndótt og teinótt eru heitustu mynstrin í hausttískunni.

Haustin eru líflegur tími þar sem skólinn hefst á ný, fólk snýr aftur til vinnu eða breytir um starf. Þá er gaman að klæða sig upp á og ganga þannig í augun á skóla- og vinnufélögunum,“ segir Hjördís Sif Bjarnadóttir, eigandi Comma í Smáralind.

Hún segir ýmis ný trend koma inn með haustinu. „Köflótt, röndótt og teinótt. Þessi þrenna verður áberandi þennan vetur,“ lýsir hún og bætir við að í haustlínunum sé að finna ullar- og kasmírpeysur, blússur, leðurpils, töff klúta og áberandi hálsmen.

Hvað með liti? „Þeir litir sem verða áberandi í haust og vetur eru fjólublár og dökkrauður, dökkblár og koníaksbrúnn í bland, og fölbleikur með svörtu,“ svarar Hjördís og finnst skemmtilegt að slík litagleði skuli lífga upp á komandi vetur. Hún segir dragtir koma sterkar inn og í boði sé mikið úrval af þeim. „Þá eru kjólarnir og pilsin alltaf vinsæl og við eigum úrval af þeim bæði til að nota dagsdaglega og við spariteg tækifæri.“

Alltaf er hægt að finna eitthvað nýtt og skemmtilegt í verslun Comma enda eru línurnar tólf á hverju ári og nýjar vörur berast vikulega. „Okkar áhersla er alltaf á viðskiptavininn því við viljum að honum líði vel í því sem hann klæðist. Fötin okkar eru með þýskum sniðum sem henta okkur Íslendingum sérstaklega vel. Við bjóðum upp á klæðilegar blússur og mismunandi snið á buxum enda erum við ekki allar eins í laginu,“ segir Hjördís glaðlega en boðið er upp á stærðir frá 34 til 46.



Comma kynnir nýja haustlínu í verslun sinni í Smáralind í dag. Af því tilefni verður viðskiptavinum boðið upp á léttar veitingar.

Í tilefni af því að verslunin fyllist nú af haustvörunum býður Hjördís viðskiptavinum Comma að kíkja í verslunina á annarri hæð Smáralindar í dag, fimmtudag, og njóta léttra veitinga og kynningar á því sem koma skal í vetur.



8.990 kr.



22.490 kr.



13.990 kr.



18.490 kr.



11.990 kr.

# Nýjasta tíska til leigu

## Hugmyndin um tískuleigur ryður sér til rúms. Byggir hún á hugmyndafræði deilihagkerfis, að þú þurfir ekki að fjárfesta í hlutum heldur getir leigt eða fengið lánað það sem þú þarft hverju sinni.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Við vitum öll að einnota tíska fer afar illa með umhverfið. Talið er að milljarður fataplagga sé framleiddur árlega og um helmingur þess ódýra fatnaðar sem seldur er fer í ruslið innan árs. Þetta viðskiptalíkan fær okkur til að versla án þess að leiða hugann að því hvað við þurfum og munum í raun nota. Föt að andvirði 30 milljarðar enskra punda hanga í fataskápum án þess að nokkur hafi nokkru sinni klæðst þeim og fatnaður að andvirði 140 milljarðar punda fer í landfyllingar ár hvert svo það er ekki að undra að tískuiðnaðurinn muni nýta um fjórðung af mengunarkvóta heimsins árið 2050. Sumar verslanir, eins og H&M til dæmis, hafa gripið boltann og bjóða viðskiptavinum sínum að skila ónýtum eða ónotuðum fötum í búðirnar og fá í staðinn inneign í búðinni. Deila má um hvort það sé nóg.

Því hafa æ fleiri horft til möguleikans á leigutísku. Westfield-verslunarmiðstöðin í Bretlandi gerði tilraun með að opna tískuleigu í nokkra daga til að athuga hvort sá möguleiki væri raunhæfur og niðurstöðurnar voru jákvæðar fyrir þá sem láta sig umhverfið varða. Hægt var að leigja dýran hátískufatnað og fylgihluti fyrir aðeins brot af raunvirði um jólaleytið sem er mikil veislutíð í Bretlandi. Flestir leigðu sér eitthvað tvennt og meðalleigutíminn var aðeins eitt kvöld. Karlar voru aðeins viljugri til að leigja sér veislufatnað en konur en samkvæmt könnunum reynast 60% Breta líta á það sem ákjósanlegan kost að leigja sér fatnað til að nota við sérstök tilefni frekar en að fjárfesta fyrir eitt kvöld. Nefndu flestir það sem kost að geta leigt dýr föt frá þekktum merkjum sem þeir hefðu ekki efni á að kaupa en fannst gaman að geta skartað við rétt tilefni. Einnig sögðu margir að það borgaði sig að leigja frekar en kaupa föt við tilefni þar sem mikið er tekið af myndum, eins og brúðkaupsveislur.



Þessi kjóll er úr lystisnekkjulínu Chanel 2018 og er til leigu í fimm daga fyrir 30.000 krónur sem eru tíu prósent af söluvirði úr búð.



Þessi Elie Saab kjóll úr diskólínunni 2017 fæst leigður í fimm daga á innan við tíu prósent af kaupverði.



Þessi Gucci peysa úr vorlínunni 2018 er meðal fatnaðar sem hægt er að leigja hjá tískuleigum eins og Front-Row. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY

Deilihagkerfið hefur breytt viðhorfum gríðarlega á undanförnum árum og framtíðarspár gera ráð fyrir að tískuleiga muni aukast töluvert á næstu árum. Tískan er enda síbreytileg og erfitt að tolla í henni nema með stórum fjárfestingum á hverjum ársfjórðungi sem er bæði slæmt fyrir umhverfið og budduna.

Bloggarar og áhrifavaldar eru löngu farnir að nýta sér tískuleigumarkaðinn. Ef einhver úr þeim hópi deilir mynd af sér í því sem viðkomandi segir vera nýju fötin sín eru líkurnar miklar á því að viðkomandi sé þegar búinn að skila þeim í leiguna og farinn að leita að næsta setti.

Shika Bodani, stofnandi hátískuleigusíðunnar FrontRow, segir að eftirspurnin sé mest eftir dýrum merkjavörum og fylgihlutum en á síðunni má fá hátísku leigða til fimm daga í senn og fyrir töluverðar upphæðir sem slaga þó ekki hátt í raunverðmiðann á vörunni. „Fólk er ekki bara að hugsa um hagkvæmnina,“ segir Bodani, „þó hún sé eflaust stærsti þátturinn, heldur líka umhverfisþáttinn sem hefur verið æ meira áberandi í umræðunni kringum tískuna.“

Því hefur verið spáð að tískuleiga sé komin til að vera á sama hátt og Spotify, Netflix og Airbnb, enda er möguleikinn fyrir hendi að þeir sem vilja fjárfesta í einstökum tískuvörum geti síðan leigt þær kvöld og kvöld og þannig deilt gleði sinni með öðrum og fengið upp í afborgunina. Og allir græða, líka umhverfið.









Loop-skórnir frá Stellu McCartney koma í ýmsum stærðum og gerðum. MYND/STELLAMCCARTNEY.COM

# Tíska þarf að verða sjálfbærari

Sóun og mengun er mikil í tískuiðnaðinum, meðal annars vegna þess að tískustraumar breytast hratt. Kannski getur það komist í tísku að vera umhverfisvænn og nýtinn.



**Oddur Freyr Þorsteinsson**
oddurfreyr@frettabladid.is

Tískuiðnaðurinn er ósjálfbær og mengandi. Eina leiðin til að breyta því er að gera stórvægilegar breytingar á framleiðsluháttum og neysluvenjum. En þá þarf almenningur að vilja kaupa umhverfisvænar vörur og nýta þær vel og til þess þarf tískan einfaldlega að breytast.

Tískubylgjur eru kjarni tískuiðnaðarins og þær breytast með hverri árstíð. Iðnaðurinn er drifinn áfram af sífelldri og síbreytilegri eftirspurn og stórfelldum innkaupum neytenda. Fyrir vikið eru vörur framleiddar og þeim hent hraðar en nokkru sinni áður, sem skapar gríðarlegt álag á umhverfið. Framleiðslan mengar og kostar bæði auðlindir og orku, endalaus tonn af notuðum fötum fylla haugana og þeim sem kaupa tískuvörur fjölgar hratt um allan heim.

## Eftirspurnin mótar framboðið

Ljóst er að eitthvað þarf að breytast og því hafa ýmis tískumerki brugðist við með því að bjóða tískuvörur sem eru framleiddar á umhverfisvænan og sjálfbæran hátt. Meðal þeirra eru merki eins og Zara, sem bjóða línu sem er framleidd úr endurunnu hráefni, og ASOS, sem reynir að finna leiðir til þess að fötin séu bæði endurnýtt og endurunnin.

Til að auka sjálfbærni þarf fólk líka að nota fötin sín lengur og minnka þannig eftirspurnina eftir nýrri framleiðslu. Það er samt hægara sagt en gert fyrir marga neytendur, því að þeir eru vanir að taka þátt í tískustraumum og kaupa sífellt ný og ódýr föt sem endast stutt.

Þegar fólk kaupir mengandi vörur af fullum krafti og það er dýrt að breyta framleiðsluháttum til að framleiða vörur á sjálfbæran hátt, hafa framleiðendur lítinn hvata til að breyta háttum sínum. Aukin eftirspurn eftir vörum sem eru framleiddar á sjálfbæran hátt og minnkandi eftirspurn eftir því sem er framleitt á mengandi hátt gæti hins vegar breytt hegðun framleiðenda. Tískuiðnaðurinn og framleiðsluhættir í honum breytast ekki nema neytendur biðji um það.

## Gæti umhverfisvernd komist í tísku?

Ein leið til að þetta gæti breyst væri ef það kæmist í tísku að vera umhverfisvænn og nýtinn. Það gæti til dæmis kannski gerst ef leiðtogar í tískuheiminum sýna gott fordæmi og fá ríka og fræga fólkið, sem er tískufyrirmyndir ótal margra, með sér.

Tískuhönnuðurinn Stella McCartney hefur mikil áhrif í tískuheiminum og hún hefur sýnt umhverfis- og dýravernd áhuga.



Tískuhönnuðurinn Stella McCartney hefur áhuga á dýra- og umhverfisvernd.

Hún virðist vera að reyna að stíga skref í átt að því að gera það flott að vera umhverfisvænn með nýrri línu af strigaskóm, Loop Sneakers. Skórnir eru framleiddir á umhverfisvænan hátt og það er mjög auðvelt að endurvinna þá.

Það er gríðarlegur vöxtur í sölu á skófatnaði en framleiðsla á strigaskóm mengar mikið. Ef skór eins og Loop-skórnir kæmust í almenna notkun væri því hægt að minnka mengun verulega. Enn um sinn eru þessir skór samt rándýr lúxusvara sem bara vel efnað fólk getur leyft sér. Ódýrasta parið kostar um 70 þúsund krónur.

En ef það verður fínt og flott að ganga í umhverfisvænum fötum og vera nýtinn gæti tískan og um leið eftirspurn almennings breyst og þá hefðu framleiðendur skyndilega mun meiri hvatningu til að leggja það á sig að breyta framleiðsluháttum. Ef umhverfisvænir framleiðsluhættir tækju yfir má líka leiða líkur að því að verðið lækkaði, því hráefnið og vélarnar yrðu aðgengilegri. Þannig gæti mengun frá tískuiðnaði minnkað.



# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



**SUZUKI**

TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

### Bílar óskast

Kia Sportace óskast lítið keyrður árg. 2015 -2017 sjálfsk. diesel 8927852 Sævar

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Viðgerðir

**VAKA**
VIÐ ERUM GERÐIR FYRIR VIÐGERÐIR!
VERKSTÆÐI, ÞAR SEM HLUTIRNIR GERAST HRATT OG ÖRUGGLEGA!
Sími: 567 6700 | vakahf.is

### Fellihýsi



**FLOTT FELLIHÝSI**
Fleetwood Americana Santa Fe árgerð 2007, með fortjaldi, markhýsu, tv og fl. Verð 890þús eða tilboð. Uppl. í s. 663 3313

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

**HELLULAGNIR**
LÓÐAFRAMKVÆMDIR
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Smiðir geta bætt sig verkefnum. Uppl. í s. 783 6006

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

### Önnur þjónusta

**Tækjaleiga**



**Allt hjá okkur**
VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
geiri
Draghálsi 4 - Sími: 535 1300
verslun@verslun.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

### Þjónusta

HÖFÐABÓN
**BÓN OG ÞVOTTUR**
**Hægt að panta tíma á hofdabon.is**
**Höfðabón ehf • Dugguvogi 10 (bakvið húsið)**
**S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com**

### Þjónusta



**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK**

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA
Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000
info@handafl.is | **handafl.is**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Sjálfsdáleiðsla**
**Leið að betri líðan**

Námskeið í sjálfsdáleiðslu Leið að betri líðan laugardaginn 18. ágúst kl. 13:00 – 16:00 haldið í Yogasmiðjunni, Spönginni 37 Grafarvogi. Verð 9500 kr. Sjálfsdáleiðsludiskur fylgir með
**Ingibjörg Bernhöft**
Hjúkrunarfræðingur og dáleiðslufræðingur
Sími 864 2627 - bernhoft@gmail.com
Dáleiðsla Ingibjörg Bernhöft á facebook

*Snyrti & nuddstofan Smart*
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**
**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook
**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- **Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.**
- **Veggjagrind út 45x95 timbri.**
- **Pappi og bárustál á þaki.**
- **Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.**
- **Skúrar sem þola veður og vinda.**

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí frá kl. 7:30 -15:00.
Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**AÐSTOÐAMAÐUR BAKARA ÓSKAST**
Óskast í bakarí í Breiðholti íslensku kunnátta skilyrði
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

Heimaás

**KRANAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða kranamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Heimaás

**SMIÐUR/UPPMÆLING**

**NEMI Í HÚSASMÍÐI**
Heimaás óskar eftir að ráða smiði í uppsláttarvinnu (greitt samkv.mælingartaxta) og nema á samning í húsasmíði.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Fasteignir

SEVE
VIÐ BYGGJUM!

### Frá hugmynd að húsi á örfáum mánuðum.
### - fast verð og örugg afhending -

**Velkomin í opið hús að Bleikjulæk 35, Selfossi, fimmtudaginn 16. ágúst kl 17 - 19.**

Bleikjulækur 35 á Selfossi er nýtt einingahús frá Seve í Eistlandi. Húsið er nú nánast tilbúið til innréttinga - en aðeins eru fáeinar vikur frá því vinna við húsið hófst. Húsið er upb. 180fm, 3-4 svefnherbergi og bílskúr.

Áhugasömum er boðið að koma og kynna sér húsin frá Seve. Henri Enniste, sölustjóri Seve ásamt Ómari Guðmundssyni lögg. fasteignasala verða á staðnum til að svara spurningum og ræða möguleikana þegar keypt er hús frá Seve.

Í haust verða meðal annars reist tvö einbýlishús frá Seve í Urðarmóa á Sefossi.

Verið velkomin á fimmtudaginn kl 17-19. Einnig er hægt að hafa samband við Ómar í síma 696-3559 eða omar@seve.ee til að fá nánari upplýsingar.



Seve Ehituse As www.seve.ee




## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum
**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- **Rannsóknarborun á Folaldahálsi í Grafningi**
- **Skólphreinsivirki við Hótel Laxá í Mývatnssveit**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **17. september 2018.**

## Til leigu

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS S.773-4700 og 520-3500

### Til leigu í Kringlunni.

**Verslunarpláss á 1. hæð, ca 115 fm. Getur losnað fljótlega.**

**Uppl. veitir Óskar Mikaelsson á netfanginu oskar@atveignir.is og 773-4700**

Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali 773-4700

## Til sölu

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS S.773-4700 og 520-3500

### Húsgagnaverslun með frábærar lausnir

**Til sölu húsgagnaverslun með einstakar lausnir fyrir þá sem þurfa meira rými. Eitt handtak og málið leyst. Staðsett í góðu plássi í verslunar-miðstöð. Býðst nú á einstöku verði, skoðar skipti.**

**Uppl. gefur Óskar Mikaelsson í síma 773-4700 eða á netfanginu oskar@atveignir.is**

Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali 773-4700

## Fasteignir

### Þingvellir



Vel staðsett 36,1fm sumarhús á 2000fm eignalóð að Kvistalundi 6.

Bústaðurinn skiptist í : stofu, herbergi, eldhús, baðherbergi og geymslu.
Húsið þarfnast viðhalds. Lóðin er gróinn með fallegum trjám.
Verönd er fram með austur, suður og vestur hlið hússins.
Rafmagn og vatn er tengt í bústaðinn.
Bústaðurinn er vel staðsettur í göngufæri við Þingvallavatn og er hverfið lokað af með rafmagnshliði. Allt innbú fylgir húsinu.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Jónsson
Löggiltur fasteignasali í síma : 780-2700
eða á helgi@miklaborg.is

Verð: **9,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
- með þér alla leið -

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

## Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent
www.capacent.is


Skiptibóka-
markaður
A4
klúbburinn
5%
INNEIGN AF
ÖLLUM KAUPUM
Mesta úrvalið er í Skeifunni
Einnig er skiptibókamarkaður í A4 á Akureyri, Selfossi og á Egilsstöðum.
Tekið er á móti skiptibókum í öllum verslunum A4.
A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi
www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á Facebook pinterest.com/a4fondur og instagram.com/a4verslanir
A4
SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Margrét Á. Halldórsdóttir**
Snotrunesi, Borgarfirði eystri,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Dyngju á Egilsstöðum 9. ágúst sl. Minningarathöfn verður í Egilsstaðakirkju föstudaginn 17. ágúst kl. 15. Útför hennar fer fram frá Bakkagerðiskirkju laugardaginn 18. ágúst kl. 11.

**Gróa Eiðsdóttir** — **Júlíus Snorrason**
**Halldór Á. Eiðsson**
**Hulda Eiðsdóttir** — **Hjörleifur Gunnlaugsson**
**Eygló Eiðsdóttir** — **Knútur S. Hafsteinsson**
**Njáll Eiðsson** — **Sigrún Viktorsdóttir**
**Egill Eiðsson** — **Fjóla Hólm**
**og fjölskyldur.**



Elsku amma, langamma og tengdamóðir,

**Sigríður (Didda) Benediktsdóttir**
áður til heimilis að Kársnesbraut 25, Kópavogi,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, laugardaginn 11. ágúst. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 24. ágúst kl. 13.00.

**Sigríður Kristín Hafþórsdóttir** — **Magnús Már Magnússon**
**Hanna Björk Hafþórsdóttir** — **Sveinbjörn Hólmgeirsson**
**Ólafur Árni Hafþórsson** — **Hanna Sigrún Steinarsdóttir**
**Helga María Hafþórsdóttir** — **Karen Sif Kristjánsdóttir**
**Hafþór Árnason**
**og barnabarnabörn.**



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristján Ásmundsson**
bóndi í Ferjunesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sunnudaginn 5. ágúst. Útförin fer fram frá Villingaholtskirkju þriðjudaginn 21. ágúst kl. 14.00.

**Aðalheiður Kristín Alfonsdóttir**
**Oddný Kristjánsdóttir** — **Eiríkur Á. Guðjónsson**
**Helga Kristjánsdóttir** — **Heimir Hoffritz**
**Ásmundur Kristjánsson** — **G. Hildur Rósenkjær**
**Eiríkur Steinn Kristjánsson** — **Kolbrún I. Hoffritz**
**Benedikt Hans Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar tengdafaðir, afi og langafi,

**Sveinbjörn Sigtryggsson**
húsasmíðameistari,

lést á dvalarheimilinu Grund 1. ágúst sl. Bálför hefur farið fram að ósk hins látna. Útför fer fram frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 25. ágúst kl. 13.00 og duftker jarðsett í Ólafsvíkurkirkjugarði.

**Kristinn Vigfús Sveinbjörnsson** — **Ena Dahl**
**Guðbjörg Jenný Sveinbjörnsdóttir** — **Sigfinnur Snorrason**
**Olga Sveinbjörnsdóttir** — **Jóhann Ágústsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ágústa Úlfarsdóttir Edwald**

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 6. ágúst. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 17. ágúst kl. 13.00.

**Jón Haukur Edwald** — **Álfheiður Magnúsdóttir**
**Birgir Edwald** — **Ragnheiður Óskarsdóttir**
**Helga Edwald**
**Eggert Edwald** — **Jacqueline McGreal**
**Kristín Edwald**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Þakklætisvottur fyrir uppsafnaða hamingju

**Jónas Sigurðsson tónlistarmaður hlaut nýlega lista- og menningarverðlaun Ölfuss og Gróðrarstöðin í Kjarri fékk umhverfisverðlaun sama sveitarfélags fyrir árið 2018.**

Eitt af fyrstu verkefnum Elliða Vignissonar, nýs bæjarstjóra Ölfuss, var að veita bæði lista- og menningarverðlaun og umhverfisverðlaun Ölfuss fyrir árið 2018. Þau fyrrnefndu hlaut tónlistarmaðurinn Jónas Sigurðsson fyrir framlag sitt á sviði lista og menningar til sveitarfélagsins. Í rökstuðningi kom fram að hann hafi margoft haldið tónleika eða verið hluti af menningarviðburðum í Þorlákshöfn og sé alltaf tilbúinn að rétta hjálparhönd, hafi hann tök á því.

Því var við hæfi að heyra í Jónasi.

„Ég er frá Þorlákshöfn, fæddur og uppalinn þar og byrjaði í tónlist í Lúðrasveit Þorlákshafnar,“ útskýrir hann. „Svo gerði ég dálítið stórt heimabyggðarverkefni árið 2012. Þá var ég með Lúðrasveit Þorlákshafnar í að gera plötu. Þar var lag sem var mikið spilað sem heitir Hafið er svart, það var til dæmis tekið upp af mér með Lúðrasveit Þorlákshafnar í kirkjunni í Þorlákshöfn,“ segir Jónas sem kveðst alltaf halda góðum tengslum við sína heimabyggð og hugsa hlýtt til hennar. Nefnir annað dæmi um það. „Ég hef haft það prinsipp að láta ekki nota tónlistina mína í auglýsingar. En svo sýndi sveitarfélagið Ölfus áhuga á að nota lagið mitt Hamingjan er hér í auglýsingu og ég gaf því ótakmarkað leyfi fyrir því lagi. Nú hefur það verið með auglýsingaherferð í tvö ár þar sem þetta lag hefur hljómað. Það virkar svona vel. Ég held að þessi viðurkenning sé þakklætisvottur fyrir uppsafnaða hamingju. Mér þykir mjög vænt um það.“

Umhverfisverðlaun Ölfuss 2018 hlaut Gróðrarstöðin í Kjarri fyrir einstaklega fallegt og snyrtilegt umhverfi. Gróðrarstöðin er í eigu hjónanna Helgu Rögnu Pálsdóttur og Helga Eggertssonar og frá árinu 1981 hafa þau byggt þar upp garðplöntuframleiðslu.

Ragna, dóttir Helgu og Helga, tók við verðlaununum fyrir þeirra hönd.

Verðlaunagripina gerði Dagný Magnúsdóttir glerlistakona og eigandi kaffihússins/glerlistasmiðjunnar Hendur í Höfn í Þorlákshöfn. **gun@frettabladid.is**



**Ragna, dóttir Helgu Rögnu Pálsdóttur og Helga Eggertssonar í Gróðrarstöðinni í Kjarri, tók við viðurkenningunni fyrir þeirra hönd. Elliði er í miðið og Jónas lengst til hægri.**



Okkar ástkæra

**Herdís Bjarney Guðmundsdóttir**

lést á heimili sínu í Bandaríkjunum mánudaginn 28. maí. Minningarathöfn verður haldin í Grundarfjarðarkirkju sunnudaginn 19. ágúst kl. 14.00.

**Aðstandendur.**



Elskuleg systir mín og föðursystir okkar,

**Áslaug Axelsdóttir**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þann 30. júlí sl. Útför fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 20. ágúst kl. 13.00.

**Ólafía Axelsdóttir**
**Bryndís Ólafsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir**
**Axel Ólafsson og fjölskyldur.**



Okkar ástkæra

**Eyrún Helga Jónsdóttir**
(Helga í Mörtungu)

lést 11. ágúst á hjúkrunar- og dvalarheimilinu á Kirkjubæjarklaustri. Jarðsungið verður laugardaginn 25. ágúst klukkan 13.00 frá Prestsbakkakirkju.

**Fjölskylda hinnar látnu.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ólafía G. Ágústsdóttir**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir 13. ágúst. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 23. ágúst kl. 13.

**María J. Hreinsdóttir** — **Rosario Ómar Russo**
**Þóra Hreinsdóttir** — **Júlíus Brynjarsson**
**Bryndís Hreinsd. Cawley** — **Conrad J. Cawley**
**Íris Hreinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæri

**Halldór Kristjánsson**
(Dóri frá Tungu)
Mýrum 7, Patreksfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Patreksfirði 8. ágúst og er því kominn í hin eilífu berjalönd. Útför fer fram frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 25. ágúst kl. 14.00.

**Aðstandendur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.




Pinotex

## Pallaolía, 5 l

Smýgur djúpt inn í viðinn og hrindir vel frá sér vatni. Notið litaða olíu til að ná fram fullnægjandi UV-vörn. Hægt að fá í ýmsum gagnsæjum litbrigðum.

**KJARAKAUP HELGARINNAR!**

# 2.445.-

Almennt verð: 3.495.-

BAUHAUS®

TILBOÐIÐ GILDIR FRÁ FIMMTUDEGINUM 16. ÁGÚST TIL OG MEÐ SUNNUDEGINUM 19. ÁGÚST- S: 515-0800 - upplysingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Fremur hæg norðlæg átt í dag og rigning með köflum fyrir norðan, en léttir til sunnan heiða með síðdegisskúrum syðst. Hlýnar sunnan til, en kólnar norðaustanlands.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° ↙8 | 5° ↓8 | 5° ↓4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 7° ↗3 | 11° ←5 | 5° ↓7 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° ↘4 | 8° →8 | 11° ↘7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° ↘9 | 14° ↙5 | 7° ↓5 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 9 | | | 2 | | | |
| | | | | 7 | 5 | 6 | 9 | |
| | 5 | | 8 | | 4 | | | 7 |
| | 9 | 3 | 4 | | 8 | | | 5 |
| 4 | 8 | 1 | | | 3 | | | 9 |
| | | 7 | | 6 | | 3 | 4 | |
| | | 8 | 5 | | | | | |
| | 3 | | 1 | | 9 | | 5 | |
| 1 | | | | 8 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 9 | 2 | | 5 | | | |
| | | | 9 | | | | | 4 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | | | | |
| 9 | | | | 5 | 3 | | | |
| | 2 | 6 | | | | | | 3 |
| 3 | | | | | | 6 | | 9 |
| 5 | | 4 | | 7 | | 2 | | 6 |
| | | 1 | | | | 7 | 4 | |
| | | | | | 8 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | 3 | | |
| 7 | | | 6 | | | | 9 | 4 |
| | | 1 | | 4 | | | | 6 |
| | | 4 | | 2 | 5 | | 8 | |
| 6 | | | | | | 9 | 5 | |
| | | 5 | 3 | | 9 | | | |
| | | | | 7 | | | | |
| | | 8 | | | | 4 | | |
| | 5 | 6 | | | | 2 | | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. aðsúgsmikill
5. kk nafn
6. öxull
8. fautaskapur
10. í röð
11. að
12. mynt
13. nákomið
15. skilyrðislaus
17. þátttakandi

**LÓÐRÉTT**
1. álandsvindur
2. ármynni
3. langar
4. röndin
7. sálmabók
9. bein
12. ljár
14. spíra
16. drykkur



**LÁRÉTT:** **1.** hávær, **5.** ari, **6.** ás, **8.** fólska, **10.** rs, **11.** til, **12.** sent, **13.** náið, **15.** algjör, **17.** aðili. **LÓÐRÉTT:** **1.** hafræna, **2.** árós, **3.** vil, **4.** rákin, **7.** saltari, **9.** steðji, **12.** sigð, **14.** ála, **16.** öl.

## Skák Gunnar Björnsson

Urcica átti leik gegn Honfi í Búkarest árið 1975.

**Hvítur á leik**

**1. Be4+!** **fxe4 2. Dd5+ Kc8 3. Dc6#** **1-0.**

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir








## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman









## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# EINSTAKUR BAKPOKI
# FYRIR SKÓLANN OG FERÐALAGIÐ

The North Face Borealis bakpoki 12.990 kr.



# Úreltar staðalímyndir um karla- og kvennastörf hjá Jaguar Land Rover

Meginmarkmiðið er að auka hlutfall kvenna í starfsliðinu en Jaguar Land Rover er einn stærsti einstaki vinnuveitandinn í Bretlandi.

Jaguar Land Rover hefur á undanförnum tæpum sex árum haldið fjölmörg námskeið fyrir ungar konur í Bretlandi sem stunda raungreinanám til að kynna þeim ýmis spennandi og vel launuð tækifæri sem fyrirtækið hefur upp á að bjóða sem vinnuveitandi. Meginmarkmið námskeiðanna er að auka hlutfall kvenna í starfsliðinu en JLR er einn stærsti einstaki vinnuveitandinn í Bretlandi.



Konur í raungreinanámi í Bretlandi sem sóttu nýlega kynningu hjá Jaguar Land Rover. Þeim hefur fjölgað undanfarið.

**Úr 6% í 36%**

Nýjasta verkefnið, sem kynnt var um miðjan júlí, nefnist Jaguar Land Rover Furthering Futures. Það byggir á reynslu fyrri námskeiða sem gefist hafa vel og tryggt fjölmörgum konum starf hjá fyrirtækinu. Undanfarin verkefni hafa skilað þeim árangri að árið 2012 voru konur sex % starfsmanna en hlutfallið er nú komið í um 36%. Á námskeiðunum sem nú eru fram undan verður áhersla lögð á að brjóta betur upp úreltar hugmyndir um karla- og kvennastörf, ekki síst með þátttöku kvenna í starfsliði JLR sem skarað hafa fram úr í bílgreininni og taka þátt til að miðla af reynslu sinni. Markmiðið er að gefa nemendum aukinn innblástur til að sækja meira fram á vinnumarkaðnum og skapa sér framtíð í vel launuðu starfi.

**UNDANFARIN VERKEFNI HAFA SKILAÐ ÞEIM ÁRANGRI AÐ ÁRIÐ 2012 VORU KONUR 6% STARFSMANNA EN HLUTFALLIÐ ER NÚ KOMIÐ Í UM 36%.**

**Spennandi starfsvettvangur**

BL vinnur að svipuðum verkefnum til að kynna tækifæri í bílgreininni í heild og um leið fyrirtækið sem spennandi og skemmtilegan vinnustað. Í því skyni hefur BL haldið nokkur vel sótt námskeið á síðustu misserum fyrir framhaldsskólanemendur, sem eru að íhuga framtíðarstarfsvettvang sinn. Vegna mikils hraða í þróun nýrra bíla með sífellt fullkomnari tækni og ýmsum aðstoðarkerfum hafa fyrirtæki í bílaiðnaði um allan heim þörf fyrir sífellt fleira fólk með góða, fjölbreytta og hagnýta menntun sem nýtist greininni. Í þessum efnum er mikilvægi þess að konur gangi til liðs við fyrirtækin ekki minna en að karlar geri það.

**Opnar mörgum nýjan heim**

Elizabeth Hill, yfirverkfræðingur framleiðslu hjá JLR sem nýlega var útnefnd ein af 100 áhrifamestu konum Bretlands í bílaiðnaði, segir að á starfsferli sínum hjá fyrirtækinu hafi henni gefist tækifæri til að vinna að framgangi margra af byltingarkenndustu tækninýjungunum sem komið hafi fram síðustu ár. „Nýjasta framlag mitt í þeim efnum er þátttaka í hönnun nýjustu gerða Range Rover og Range Rover Sport ásamt hönnun á fyrsta tengiltvinnbílnum sem þróaður hefur verið hjá fyrirtækinu. Ég bar ábyrgð á yfirsýn með öllu vöruþróunarferlinu í heild og stjórnaði þverfaglegu liðunum sem í heild hafa það hlutverk að afhenda að lokum fullhannað ökutæki tilbúið til markaðssetningar og sölu. Ég er sannfærð um að verkefnið Furthering Futures muni gefa mörgum hæfileikaríkum ungu konum innsýn í heim sem vera kann að þær hafi aldrei haft hugmynd um að væri til.“

**„JLR er rétti staðurinn fyrir mig“**

Shannon Lynch starfar í verkfræðideild JLR eftir að hafa sótt námskeið hjá fyrirtækinu árið 2014. Hún segir það hafa opnað nýjan heim fyrir sér. „Ég eignaðist hér strax góða vini og sannfærðist fljótlega um að Jaguar Land Rover væri staðurinn fyrir mig. Fyrir þann tíma hafði ég aðra stefnu í huga varðandi framtíðarstarfsvettvang. Síðan sá ég námskeið JLR auglýst og er mjög þakklát fyrir að hafa farið á það. Ég hef þegar aflað mér mikillar og dýrmætrar reynslu hjá fyrirtækinu og áhersla þess á stuðning við konur er mér mikils virði. Mér finnst þetta frábær vinnustaður og ég hef þegar aflað mér dýrmætrar reynslu á fjölmörgum sviðum sem snúa að ýmsum þáttum framleiðslu nýjustu bílanna,“ segir Lynch.

**Framtíðin þarf á þér að halda**

Þróun hinnar alþjóðlegu bílgreinar er á ljóshraða í átt til fullkomlega sjálfakandi bíla sem tengjast alheimsnetinu og knúnir verða áfram af rafmagni eða öðrum mengunarlausum orkugjöfum. Hraði þróunarinnar gerir að verkum að mikil og sífelld þörf er fyrir ungt og vel menntað fólk í bílgreininni sem fær það hlutverk að lokum að taka við þróunarkeflinu úr hendi eldri starfsmanna.

**Konur og karlar BL**

Menntaðir viðhaldssérfræðingar BL sem JLR hefur vottað sem viðurkennda viðhaldsaðila merkja fyrirtækisins hafa á grundvelli vottunarinnar heimild til að starfa á hvaða starfsstöð JLR sem er í heiminum. Í starfsliði BL eru meðal annars viðhaldssérfræðingar sem upphaflega byrjuðu í sumarvinnu hjá fyrirtækinu meðan á iðnnámi í bílgreininni stóð og hófu að því loknu námssamning til sveinsprófs hjá BL til að öðlast fullgildingu í iðngreininni þar sem greidd eru há laun fyrir gott fagfólk. Sambærilegir möguleikar og JLR veitir eru fyrir hendi fyrir sérfræðinga BL sem þjónusta önnur merki fyrirtækisins, svo sem BMW, Nissan, Renault og fleiri.



Mitsubishi Outlander PHEV er söluhæsta bílgerð Mitsubishi hérlendis.

# Mitsubishi á fleygiferð

Mitsubishi er það bílavörumerki á Íslandi sem vaxið hefur hraðast fyrstu sex mánuði ársins 2018.

Mitsubishi er það bílavörumerki á Íslandi sem vaxið hefur hraðast fyrstu sex mánuði ársins 2018 samanborið við sama tímabil í fyrra. Salan á þessum japönsku bílum sem Íslendingar hafa haldið tryggð við um áratuga skeið hefur tvöfaldast milli ára og er það nærri tvöfalt meiri aukning en á þeirri bílategund sem næst kemur. Raunar er það svo að fyrstu sex mánuði ársins eru tvö vörumerki frá Heklu á topp þremur yfir mest seldu bílategundirnar á einstaklingsmarkaði, Mitsubishi og Volkswagen, og Hekla er það bílaumboð sem selt hefur næstflesta bíla á þeim markaði. Þegar kemur að vistvænum bílum kemst ekkert umboð með tærnar þar sem Hekla hefur hælana en tæplega 60% allra vistvænna bíla sem selst hafa fyrstu sex mánuði ársins koma frá Heklu og bera Mitsubishi og Volkswagen höfuð og herðar yfir aðrar tegundir þegar kemur að tengiltvinnbílum. Mitsubishi Outlander trónir þar á toppnum og Volkswagen Golf er í öðru sæti. Hekla heldur því áfram að vera leiðandi þegar kemur að sölu vistvænna bíla og þessar tölur endurspegla glögglega græna afstöðu fyrirtækisins í umferðinni.

# A-Class Sedan klýfur vindinn best

Mercedes Benz A-Class státar af lægsta vindstuðli fólksbíls í heiminum en hann er með „drag coefficient“ upp á aðeins 0,22.

Mercedes Benz hefur þegar kynnt Sedan-útfærslu nýs A-Class í Kína og styttast fer í kynningu bílsins fyrir Evrópumarkað. Þessi nýja útfærsla A-Class státar af lægsta vindstuðli fólksbíls í heiminum en hann er með „drag coefficient“ upp á aðeins 0,22. Reyndar er Volkswagen XL1 bíllinn með vindstuðulinn 0,19 en sá bíll var aðeins framleiddur í 250 eintökum og telst því ekki fjöldaframleiddur bíll. Því á A-Class Sedantitilinn sem stendur. Mercedes Benz ætlar að kynna þennan nýja A-Class Sedan í Evrópu nálægt árslokum og hann verður einnig í boði í Bandaríkjunum, en Mercedes Benz hefur hingað til ekki boðið A-Class þarlendis vegna þess að Benz hefur hingað til talið að svo lítill bíll eigi ekki erindi á markað þar sem kaupendur velja sér yfirleitt stærri bíla.

Mercedes Benz eyddi miklum tíma í vindgöngum til að ná niður vindstuðli A-Class Sedan-bílsins og meira að segja dekkin undir bílnum eru sérhönnuð í því augnamiði að ná niður vindstuðlinum. Mercedes Benz á sín eigin vindgöng í verksmiðju sinni í Sindelfingen í Þýskalandi, en bíllinn verður hins vegar



Mercedes Benz eyddi miklum tíma í vindgöngum til að ná niður vindstuðlinum.

**MEIRA AÐ SEGJA DEKKIN UNDIR BÍLNUM ERU SÉRHÖNNUÐ Í ÞVÍ AUGNAMIÐI AÐ NÁ NIÐUR VINDSTUÐLINUM.**

smíðaður í verksmiðju Benz í Rastatt og í verksmiðju Benz í Aguascalientes í Mexíkó og munu bílarnir sem þar eru smíðaðir að stærstum hluta enda á Bandaríkjamarkaði. Mercedes Benz segir að A-Class Sedan verði með mesta höfuðrými bíls í þeim stærðarflokki sem bíllinn tilheyrir.




Kynntu þér **Opel Karl** á **opel.is/karl** eða í **sýningarsölum** okkar í Reykjavík og Reykjanesbæ

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18

Bílabúð Benna

# Eins og heimkoma eftir öll þessi ár

**Kristján Jóhannsson syngur á Berjadögum á Ólafsfirði. Heldur sig aðallega við íslensk lög. Sér um námskeið hjá amerísku kompaníi. Geisladiskar rokseljast.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is





„Ég er alltaf hamingjusamur þegar ég fæ ástæðu til að fara norður,“ segir Kristján. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kristján Jóhannsson syngur á Berjadögum á Ólafsfirði, en þeir hefjast í dag, fimmtudaginn 16. ágúst, og þeim lýkur sunnudaginn 19. ágúst. Berjadagar eru nú haldnir í tuttugasta sinn og afmælisþemað er íslenska sönglagið. Kristján kemur fram á hátíðartónleikum í Ólafsfjarðarkirkju föstudagskvöldið 17. ágúst ásamt Bjarna Frímanni Bjarnasyni sem leikur á píanó, Ólöfu Sigursveinsdóttur sellóleikara, Eyjólfi Eyjólfssyni tenórsöngvara og Veru Panitch fiðluleikara.

### Gleðin við völd

„Ég held að ég hafi ekki sungið konsert í kirkjunni í ein fjörutíu ár. Nú er komið að því og það er yndislegt. Þetta er eins og heimkoma eftir öll þessi ár að fá að syngja þarna aftur. Nú verður gleðin við völd. Ég er alltaf hamingjusamur þegar ég fæ ástæðu til að fara norður,“ segir Kristján. „Ég mun syngja nánast alfarið íslensk lög en ætla kannski að gefa þeim eina ítalska aríu eða svo. Það eru ansi mörg ár síðan ég hef gert prógramm bara með íslenskum lögum. Ég hef sennilega ekki sinnt íslenskum sönglögum nægilega í þessi fjörutíu ár. Ég mun syngja mestmegnis einsöng en síðan er þarna einn dúett, Sólsetursljóð eftir séra Bjarna Þorsteinsson prest á Siglufirði, sem ég syng með ungum söngvara, Eyjólfi Eyjólfssyni.“

> **ÉG VONA AÐ ÉG FÁI LEYFI TIL AÐ VERA MEÐ ÁHEYRNARPRÓF FYRIR ÍSLENSKA SÖNGVARA Í VETUR HÉR Á LANDI, ÞANNIG AÐ ÞEIR ÞURFI EKKI AÐ FLJÚGA ÚT TIL AÐ FARA Í ÞESSI PRÓF.**

### Vinnur með amerísku kompaníi

Það er ýmislegt annað á dagskrá hjá Kristjáni. „Í tvö ár hef ég verið að vinna í amerísku kompaníi, La Musica Lirica, og Brygida Bziukiewicz, söngkona og prófessor við háskólann í Michigan, er þar í forsvari. La Musica Lirica heldur árlega sumarnámskeið fyrir unga óperusöngvara á Norður-Ítalíu. Ég hef að hluta til umsjón með áheyrnarprufum fyrir söngvara og vel þá í verkefni og síðan undirbý ég aðalsöngvarana sönglega fyrir sviðið. Við fluttum þrjár óperur á Ítalíu í sumar og verðum með þrjár næsta sumar, Rigoletto, Gianni Schicchi og Ástardrykkinn. Þetta eru óperur sem ég þekki auðvitað mjög vel. Ég vona að ég fái leyfi til að vera með áheyrnarpróf fyrir íslenska söngvara í vetur hér á landi, þannig að þeir þurfi ekki að fljúga út til að fara í þessi próf. Tveir af mínum bestu nemendum, Gunnar Björn Jónsson og Aðalsteinn Már Ólafsson, tóku þátt í námskeiðinu í sumar og ég var afskaplega stoltur af þeim. Þeir stóðu sig frábærlega vel. Mér væri ánægja af að fara með fleiri íslenska söngvara þangað næsta sumar. Ég hef unun af að vinna með ungu fólki, það viðheldur lífsgleði minni.“

### Í félagsskap með Callas og Pavarotti

Þess má að lokum geta að geisladiskur með upptöku á óperunni Aidu frá árinu 1992 þar sem Kristján syngur ásamt Mariu Chiara og Juan Pons, og fleirum, hefur selst í rúmlega fimm milljónum eintaka. „Þetta er óskaplega gaman þótt ég fái ekki krónu fyrir þetta!“ segir Kristján.

Á safndiskum The Best Opera Arias sem Halidon gefur út er að finna upptöku á söng Kristjáns á aríunni Celeste Aida. Söngvararnir á disknum eru meðal þeirra frægustu í óperusögunni og má þar nefna Mariu Callas, Renötu Tebaldi, Luciano Pavarotti og Guiseppe di Stefano. „Það kitlaði mig mikið að frétta að ég væri í svo góðum félagsskap,“ segir Kristján.

## Schubert og Haydn

**Auk söngs Kristjáns á tónleikunum í Ólafsfjarðarkirkju á föstudagskvöld verður spiluð „Arpeggione“ sónata eftir Schubert í flutningi Ólafar Sigursveinsdóttur og Bjarna Frímanns Bjarnasonar. Eyjólfur Eyjólfsson tenór syngur þjóðlög úr ranni Haydns við undirleik Veru Panitch, Ólafar og Bjarna Frímanns. Bjarni Frímann leikur síðan einleik á slaghörpuna í Ólafsfjarðarkirkju.**

**Upplýsingar um viðburði og listamenn á hátíðinni er að finna á heimasíðunni berjadagar-artfest.com.**

# Tveir turnar í Hörpu – hver stjórnaði?

**TÓNLIST**

**Lord of the Rings: Two Towers**
★★★☆☆
**Kvikmyndatónleikar**
**Eldborg í Hörpu**
Sunnudagur 12. ágúst

Lord of the Rings: Two Towers sýnd við lifandi tónlistarflutning.
**Tónlist:** Howard Shore.
**Flytjendur:** SinfoniaNord lék, Söngsveitin Fílharmónía og Barnakór Kársnesskóla söng.
**Aðrir:** Emilíana Torrini, Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, Þórunn Geirsdóttir, Magnús Ragnarsson, Álfheiður Björgvinsdóttir og Sjöfn Finnbjörnsdóttir.




Í annarri myndinni í Hringadróttinssögu á Frodo virkilega bágt. Hann ber máttarhringinn í keðju um hálsinn. Hringurinn verður þyngri og þyngri eftir því sem þeir Sam nálgast Mordor. Það reynir á hálsvöðvana. Mér leið líka illa í hálsinum á myndinni, sem sýnd var við lifandi tónlistarflutning í Eldborginni í Hörpu á sunnudagskvöldið. Ég bar þó ekki máttarhring í keðju, heldur sat ég mjög framarlega í Eldborginni, á ellefta bekk. Sýningartjaldið var svo hátt uppi fyrir ofan sviðið að maður var kominn með hálsríg eftir korter. Og myndin tekur þrjá tíma, takk fyrir.

Ekki bætti að hljóðfæraleikararnir á sviðinu voru með lesljós. Þessi ljós voru afar skær og voru í beinni sjónlínu. Þau skáru óneitanlega í augun og drógu töluvert úr hinni sjónrænu upplifun.

En hvaða hljóðfæraleikarar? Þarna var líka stór kór og barnakór. Hvaða kórar voru það? Og hver var hljómsveitarstjórinn? Það var ekki á hreinu. Engin tónleikaskrá var til að glöggva sig á, og í textanum sem birtur var á heimasíðu Hörpu var ekki orð um flytjendur. Emilíana Torrini var þar ein á blaði, en samt var hún í pínulitlu hlutverki, söng bara Gollum's Song þegar kreditlistinn rúllaði yfir tjaldið í lok myndarinnar. Það er örstutt lag. Á heimasíðu Hörpu var sagt að hún hefði samið það. Eftir því sem næst verður komist er það ekki rétt, a.m.k. er hún aðeins titluð flytjandi í kreditlista myndarinnar.

Í uppklappinu birtist loksins á skjánum texti um flytjendur. Hann var í skötulíki. SinfóníaNord var nefnd, einnig Kór Söngsveitar Fílharmóníu og Barnakór Kársnesskóla. Þarna voru líka örfá önnur nöfn, en ekki orð um hvaða hlutverki fólkið gegndi. Og hvergi var nafn hljómsveitarstjórans.

Þetta verður að kallast klúður, því flytjendur, og ekki síst hljómsveitarstjórinn, sem hér verður framvegis kallaður „Einhver“, stóðu sig öll prýðilega. Þau áttu betra skilið.

„Einhver“ var frábær. Allar tímasetningar voru fullkomnar, bæði innkomur og takturinn. Hljómsveitin spilaði af miklu öryggi og það var gríðarleg stemning í leiknum. Kórarnir voru líka magnaðir. Söngurinn var þéttur og fókuseraður, og ágætlega samtaka.

Tónlistin, sem er eftir Howard Shore, er dásamleg. Í lok fyrstu myndarinnar tvístrast föruneyti hringsins í þrennt, og í næstu mynd er sagan þríþætt. Hver hluti hefur sína tónlist, en kaflarnir skarast aftur og aftur. Stefin eru ávallt grípandi, hljómarnir safaríkir; tónlistin er afar mikilvægur hluti myndarinnar. Á svona viðburði er hljóðblöndunin hins vegar öll vitlaus, talið á það til að drukkna. Það er hægt að fyrirgefa, músíkin er svo falleg að hún á skilið slíka framsetningu af og til. Þrátt fyrir skort á upplýsingum, og slæma staðsetningu sýningartjaldsins, var þetta því skemmtilegt kvöld. Það var ekki síst að þakka glæsilegri frammistöðu „Einhvers“ við stjórnvölinn, sem ég uppgötvaði á endanum eftir krókaleiðum að hét Shih-Hung Young. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Flottur flutningur, en sýningartjaldið var óþægilega hátt uppi sem gerði sjónræna upplifun erfiða. Upplýsingar um flytjendur hefðu mátt vera ítarlegri.

PIER

# BORÐSTOFUDAGAR













**www.pier.is**

**KORPUTORG - SMÁRATORG - AKUREYRI - SELFOSS**

Gildir 16.ágúst - 22.ágúst. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Aðstæður barna hafa gerbreyst á síðustu árum

**Byggjum brýr og eflum læsi frá leikskóla til unglingsára er heiti ráðstefnu sem haldin er í dag í HÍ að frumkvæði Hrafnhildar Ragnarsdóttur prófessors.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





„Við þurfum að skilja hvernig börn læra mál og öðlast færni í ritun til að ná að laga uppeldið að síbreytilegum aðstæðum,“ segir Hrafnhildur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hvernig tryggjum við að börn nái tökum á læsi og þeirri flóknu málnotkun sem nútíma samfélag útheimtir? Það er nokkuð sem við þurfum að ræða,“ segir Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessor um viðfangsefni ráðstefnu Menntavísindasviðs HÍ sem haldin er í dag.

Hrafnhildur bendir á að aðstæður íslenskra barna til að öðlast góðan málþroska og lesskilning hafi um margt gerbreyst á síðustu tíu árum, að ekki sé talað um ef horft er lengra aftur. „Nú eru börn í skólum lungann úr deginum frá tveggja ára aldri, fjölskyldumynstur hafa breyst og flestir foreldrar vinna langan vinnudag þannig að samskipti við nánustu fjölskyldu, tilfinningaleg og vitsmunaleg, eru ekki söm og áður. Svo er það blessuð tölmenningin, tölvur og snjalltæki sem taka sinn toll, ekki síst hjá eldri börnum og unglingum. Þetta þýðir að við þurfum að hugsa dæmið upp á nýtt og kafa mun dýpra en mér finnst gert í umræðunni á Íslandi í dag.“

*Er hægt að snúa þessari þróun við eða hvern telur Hrafnhildur sjálf lykilinn vera að góðum málþroska?*

„Við þurfum að skilja hvernig börn læra mál og öðlast færni í lestri og ritun til að ná að laga uppeldið að síbreytilegum aðstæðum. Þar er fullorðna fólkið gullnáman. Því meiri samskipti sem börn hafa við aðstandendur og aðra fullorðna, og því tilbúnari sem þeir eru til að setja sig í spor barnanna, svara spurningum, hvetja þau áfram og fræða þau um allt milli himins og jarðar, því betra. En það gerist ekki nema tími og vilji sé fyrir hendi,“ segir Hrafnhildur.

*Er hún að boða lífsstílsbreytingu?*

„Ja, auðvitað er það samfélagið sem hefur áhrif á stóru myndina, setur leikreglurnar og ræður tempóinu. Síðan verðum við aðstandendur, foreldrar, ömmur og afar, að forgangsraða með það í huga að börnin nái að blómstra. Það gerum við með því að gefa okkur meiri tíma með börnunum. Samræður eru svo mikilvægar í sambandi við allan skilning og ef lesið er fyrir börn og augu þeirra opnuð fyrir lífinu umhverfis, náttúru og menningu, er svo miklu auðveldara fyrir þau að skilja það sem kemur fram í skólanum um þau efni. Umræðuefnin breytast svo þegar börnin verða unglingar en samræðurnar eru áfram lykilatriði.“

Tilfinninga- og félagsþroski er mikilvægur í öllu námi að mati Hrafnhildar. „Ef börn eru að lesa um fólk í öðrum menningarsamfélögum eða frá öðrum tíma í sögunni en þau þekkja, þá er nauðsynlegt að þau geti sett sig í spor annarra. Það er svo aftur ein mikilvæg undirstaða lesskilnings. Við megum ekki leggja of mikla áherslu á hraða í lestri, við verðum líka að gefa okkur tíma til að skilja og meðtaka það sem lesið er.“

Hrafnhildur hefur unnið í 42 ár við kennslu og fræðimennsku í Kennaraháskólanum og á Menntavísindasviði HÍ.

„Ráðstefnan í dag er haldin að mínu frumkvæði í tilefni af starfslokum með dyggum stuðningi samstarfskvenna minna. Ég á vini og samstarfsfólk bæði hér og erlendis sem er að gera nýja og merkilega hluti í sambandi við undirstöður og langtímaþróun lesskilnings og læsis, allt fólk sem var til í að taka þátt í þessu giggi. Mig langaði að láta fyrrverandi nemendur mína, kennarana í skólunum og auðvitað allan almenning, njóta þess áður en ég yfirgef sviðið.“

### RANNSAKENDUR Á HEIMSVÍSU

Fyrirlesarar á ráðstefnunni eru rannsakendur á heimsvísu frá Bandaríkjunum, Noregi og Svíþjóð sem allir eru í framvarðarsveit í mál- og læsisrannsóknum.

Meðal þeirra er Catherine Snow, prófessor við Harvard Graduate School of Education. Hún hefur stýrt tímamótarannsóknum á málþroska, læsi og lesskilningi barna og ungmenna. Þær rannsóknir hafa orðið leiðarljós í stefnumótun á öllum skólastigum í Bandaríkjunum og verið ráðgefandi í sambærilegum rannsóknum um víða veröld. Rauði þráðurinn í rannsóknum Snow hefur verið að skilgreina hvers konar reynsla, samskiptamynstur og kennsla, heima og í skóla, stuðlar helst að velgengni og góðum námsárangri barna og unglinga, einkum og sér í lagi þeirra sem eru í áhættuhópi vegna félagslegra aðstæðna eða vegna þess að móðurmál þeirra er annað en það sem notað er í skólanum.

**EF LESIÐ ER FYRIR BÖRN OG AUGU ÞEIRRA OPNUÐ FYRIR LÍFINU UMHVERFIS, NÁTTÚRU OG MENNINGU, ER SVO MIKLU AUÐVELDARA FYRIR ÞAU AÐ SKILJA ÞAÐ SEM KEMUR FRAM Í SKÓLANUM UM ÞAU EFNI**

FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.
FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141

## Bókmenntafólk frá Svíþjóð komið í heimsókn

Fjölmennur samráðsfundur um bókmenntir og bókmenntahátíðir verður haldinn í Gunnarshúsi við Dyngjuveg í kvöld. Davíð Stefánsson skáld hefur skipulagt fundinn.

„Þetta er í raun fagfundur,“ segir hann. „Tilefnið er það að hér á landi eru staddir góðir gestir frá Svíþjóð, þau Anita Alexanderson og Victor Estby frá sænsku sumarbókmenntahátíðinni Bokdagar i Dalsland. Þau sjá auk þess um umfangsmikla starfsemi í Västra Götaland þar sem rithöfundum er boðið til dvalar.“

Davíð segir Anitu hafa verið annan tveggja stofnenda bókmenntahátíðarinnar Bokdagar i Dalsland árið 2000. „Hátíðin hefur vaxið stöðugt síðan og Victor tók við stjórnartaumunum í fyrra. Hún er hins vegar kjarnorkukona og hvergi nærri hætt, heldur starfar áfram sem alþjóðlegur tengiliður bókmenntafólks og bókmenntahátíða á Norðurlöndunum og í Evrópu allri.“



Victor Estby og Anita Alexanderson ætla til dæmis að upplifa Menningarnótt.

Sjálfur kveðst Davíð hafa dvalið í þrjár vikur í fyrra á vegum þessa heiðursfólks í borginni Åmål, að skrifa skáldsögu.

„Áhugi þeirra Anitu og Victors á Íslandi er mikill. Ég stakk upp á að þau kæmu hingað í heimsókn á Menningarnótt og það varð úr. Reyndar er rosalega mikill Íslandsáhugi í Svíþjóð almennt. „Ég var bara eins og stjarna og Einar Már er eins og súperstjarna þar.“ **– gun**

# netto

# ÞÚ FÆRÐ GRILLKJÖTIÐ Í NETTÓ!



-40%

**NAUTAHRYGGVÖÐVI**
STRIPLOIN - FROSIÐ
**2.999 KR/KG**
ÁÐUR: ~~4.998 KR/KG~~



-50%

**LÚXUSGRILLPAKKI**
SÉRVALDAR MARINERAÐAR LAMBASNEIÐAR
**1.244 KR/KG**
ÁÐUR: ~~2.488 KR/KG~~



-41%

**GRÍSAHNAKKAFILLÉ**
MARINERAÐ
**1.297 KR/KG**
ÁÐUR: ~~2.198 KR/KG~~



-30%

**KJÚKLINGABRINGUR**
MEXICO MARINERING
**1.889 KR/KG**
ÍSFUGL
ÁÐUR: ~~2.698 KR/KG~~



-20%

**GRÍSARIF**
FULLELDUÐ Í BBQ
**798 KR/KG**
ÁÐUR: ~~998 KR/KG~~



-20%

**KALKÚNASNEIÐAR**
M/ ÍSLENSKUM KRYDDUM
**2.238 KR/KG**
ÍSFUGL
ÁÐUR: ~~2.798 KR/KG~~




199 KR STYKKIÐ

MÁ SKELLA FROSNUM Á GRILLIÐ!

**HAMBORGARAR**
DRY AGED 8 X 120 G
**1.594 KR/PK** 8 STK
ÁÐUR: ~~1.898 KR/PK~~

## GÓÐ MEÐ KJÖTINU!

-20%

**PIPAROSTASÓSA**
270 ML - FRÁBÆR MEÐ STEIKINNI!
**391 KR/STK**
ÁÐUR: ~~489 KR/STK~~




## PLÓMUR, NEKTARÍNUR EÐA FERSKJUR Í ÖSKJU (500 G)

-30%



NORÐLENSKA

**FYLLTIR HAMBORGARAR M/ BEIKONI, CHILI EÐA GRÁÐAOSTI**
2 X 100 G
**475 KR/PK**
ÁÐUR: ~~559 KR/PK~~




-15%

netto

Á NETINU

**Tilboðin gilda 16.-19. ágúst 2018 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

www.netto.is


Amadeus borðstofuhúsgögn
Komið og skoðið úrvalið
Opið virka daga 11-18
laugardaga 11-15
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

SUNSTAR
G·U·M
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.
Tannlæknar mæla með GUM tannvörum
Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

ARTASAN
www.artasan.is

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á VEFSÍÐUNNI OKKAR
www.skornirthinir.is
ÖRUGG SKREF ÚT Í LÍFIÐ
í fyrstu skónum frá Biomecanics

Biomecanics-skórnir auðvelda börnum að taka fyrstu skrefin. Aukinn stuðningur frá hliðunum bætir jafnvægi og eykur stöðugleika. Börnin komast auðveldar áfram og af meira öryggi þökk sé sveigjanlegum sóla og sérstyrktri tá.
biomecanics
Stærðir: 18–24
Verð: 7.995
Margir litir
skórnir þínir
SMÁRALIND • 2 HÆÐ

YAMAHA P-115
Rafpíanó

Verð. 99.990
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
TÓNABÚÐIN




BÍÓ


Tom Cruise kann ekki að hlaupa eins og hann hefur sýnt og sannað átakanlega oft í myndum sínum. Hins vegar er víst búið að sýna fram á með rökum að myndir hans ganga aldrei betur en þegar hann tekur sprettinn í þeim.

# Ekkert er Cruise ómögulegt

**Tom Cruise steig fyrst fram sem ofurnjósnarinn Ethan Hunt í Mission: Impossible 1996. Myndin sló í gegn og á rúmum tveimur áratugum eru MI-myndirnar orðnar sex. Sú nýjasta er almennt talin best. Jafnvel ein besta spennumynd síðari tíma.**

Tom Cruise var fyrir löngu orðinn stórstjarna þegar hann og leikstjórinn Brian De Palma dustuðu rykið af gömlu Mission: Impossible sjónvarpsþáttunum og trommuðu upp með samnefndan hasarsmell árið 1996.

Með myndum eins og Top Gun, Rain Man, Days of Thunder og A Few Good Men, svo einhverjar séu nefndar, hafði Cruise komið gengisvísitölu sinni í hæstu hæðir og fest sig í sessi sem gulltrygging fyrir góðri aðsókn.

Hann trónir enn á þeim toppi og ekki verður af honum tekið að það er ekki á allra færi að halda kvikmyndabálki gangandi í 22 ár og sækja í sig veðrið ef eitthvað er.

Mission: Impossible-þættirnir gengu við miklar vinsældir í bandarísku sjónvarpi á árunum 1966-1973 og fjölluðu um magnaða úrvalssveit njósnara, Impossible Missions Force (IMF), sem eins og nafnið benti til fengu úthlutað verkefnum sem nánast útilokað var að leysa og voru líklegust til þess að kosta mannskapinn lífið.

## Allt gekk upp

Endurlífgun Cruise og De Palma á MI gekk fullkomlega upp. Endurvinnsla U2-mannanna Larrys Mullen og Adams Clayton á hinu mjög svo grípandi stefi sjónvarpsþáttanna, eftir Lalo Schifrin, sló í gegn, myndin var áferðarfögur og bauð upp á frumleg spennuatriði.

Cruise var í banastuði og leikstjórinn mistæki, De Palma, skilaði góðu dagsverki sem verður að teljast býsna vel af sér vikið þar sem hann fór þarna út fyrir þægindarammann þar sem honum hefur í gegnum tíðina tekist best upp með sálfræðitryllum og nettum hryllingi á borð við Carrie, Dressed to Kill og Body Double og svo vitaskuld hinum blóði drifna krimma Scarface.

Vinsældir myndarinnar kölluðu óhjákvæmilega á framhald en De Palma kaus að láta staðar numið eftir fyrstu myndina. Cruise sló hins vegar eign sinni á bálkinn og fékk hasarleikstjórann John Woo til þess að leikstýra Mission: Impossible 2 sem kom út fjórum árum síðar.

Woo var þá tiltölulega nýkominn til Hollywood, funheitur eftir sína


Sænska hörkutólið Rebecca Ferguson mætti til leiks sem breski MI6-njósnarinn Ilsa Faust í Rogue Nation þar sem hún fór á kostum. Hún heldur uppteknum hætti í Fallout og slær hvergi af.


Simon Pegg hefur verið með síðan í þriðju myndinni og er alltaf jafn yndislegur. Og fyndinn.

dásamlegu og ofbeldisfullu byssuballetta sem kenndir eru við Hong Kong.

## Tvöföld vonbrigði

Mission: Impossible 2 stóðst tæpast væntingarnar sem fylgdu fyrri myndinni og orðspori Woo. Sagan var þvæld og neistann sem tendraði kveikinn í fyrri myndinni vantaði. En peningarnir og Cruise ráða þannig að leikarinn hélt ótrauður áfram að þróa persónu ofurnjósnarans Ethans Hunt.

Sjálfur J.J. Abrams var kallaður til að leikstýra Mission: Impossible III sem kom út 2006. Ekki getur sú mynd talist til rósa í hnappagat hans þótt hann hafi síðar troðið þeim nokkrum þangað. Myndin rambaði á barmi þess að vera beinlínis leiðinleg en sá mikli öndvegisleikari, Philip heitinn Seymour Hoffman, lyfti myndinni með ískaldri og yfirvegaðri túlkun á aðalskúrkinum.

## Leikar æsast

Þetta hökt á Mission Impossible-hraðlestinni sló hvorki myndabálkinn né Cruise út af laginu og enn eina ferðina var endurkoma Ethans Hunt boðuð. Árið 2011 kom Mission: Impossible: Ghost Protocol í leikstjórn Brads Bird og ný andlit gáfu myndinni ferskan blæ.

Paula Patton var aðsópsmikil í aðalkvenhlutverkinu, Jeremy Renner reyndi að létta einhverju smá töffaraálagi af Cruise, sem að venju gætti þess að vera allt í öllu og láta engan skyggja á sig, og breski gamanleikarinn Simon Pegg hélt áfram að glansa, eins og hann gerði fyrst í þriðju myndinni, sem tölvunördinn Benji.

## Gott verður enn betra

Ekki var Cruise alveg búinn að kreista allt adrenalín úr MI eftir þessar fjórar myndir. Hann fékk leikstjórann Christopher McQuarrie um borð í lestina og það samstarf skilaði sér í hinni stórgóðu Mission: Impossible: Rogue Nation árið 2015.

Keyrslan var með hraðasta móti, hasarinn þéttur og til mikillar fyrirmyndar og sagan ekki laus við að vera áhugaverð. Satt best að segja var þarna komin besta MI-myndin af þessum fimm. Ekki slæmt í ljósi langrar sögu.

Cruise og McQuarrie höfðu þó ekki sagt sitt síðasta orð og þeim tekst að toppa sig með Mission: Impossible – Fallout sem er nánast óumdeilt langbesta MI-myndin og fólk gengur jafnvel svo langt að stimpla hana bestu spennumynd vorra tíma.

Hvort Tom Cruise láti hér staðar numið og hætti með Ethan Hunt á toppnum er auðvitað ómögulegt að segja en þar sem hann virðist ekkert hafa elst á 30 árum og MI-lestin er enn á hvínandi ferð getur allt gerst.


thorarinn@frettabladid.is

# ÚTSALA

VANGO TJÖLD **20-30%** AFSLÁTTUR

ÚTIVISTARFATNAÐUR **30-70%** AFSLÁTTUR

SVEFNPOKAR OG BAKPOKAR **30%** AFSLÁTTUR

GÖNGUSKÓR **30-70%** AFSLÁTTUR

REIÐHJÓL **50%** AFSLÁTTUR

EVEREST

Skeifunni 6 · www.everest.is

Blekhylki.is




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind




VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í ASÍSKRI MATARGERÐ.

HOLLUR OG LJÚFFENGUR MATUR.

Vietnamese restaurant
Laugavegi 27 og
Suðurlandsbraut 8
sími: 588 6868

pho.is







skoðaðu úrvalið á Weber.is



Helgi Björns fagnar 60 ára afmæli og syngur óð um lífið í Skyrgerðinni klukkan 21.00 í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hvað Hvenær Hvar Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 16. ÁGÚST

### Tónlist

**Hvað?** KÍTÓN tónleikar – Dea sonans
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt
Dea sonans var stofnaður snemma árs 2018 af fjórum tónlistarkonum. Hann er tilkominn í kjölfar tónleikaraðarinnar Freyjujazz sem hefur það að markmiði að auka sýnileika og tækifæri kvenna á djassgrundvelli. Megináhersla tónleikanna í Hannesarholti verður á frumsamda rytmíska tónlist með latín og djass í aðalhlutverki, en einnig er gripið til þekktra djassstandarda í útsetningum meðlima. Miðasala fer fram á tix.is

**Hvað?** Trausti X Seint X Dadykewl
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið
Tónlistarmennirnir Trausti, Seint og Dadykewl koma fram á Prikinu. Sálarmessa, af miklu að missa og er áskilið er að mæta snemma.

**Hvað?** Tónlist í garðinum
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Center Hótel, Laugavegi 120
Framúrskarandi djasstónlistarmenn munu flytja vel þekkta djasslagara og popp lög í djassbúningi. Happy hour verð á drykkjum og 20% afsláttur af barmatseðli á meðan á viðburði stendur. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Dillon Fönk
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Dillon
Hljómsveitin Mókrókar mun steikja allra heitustu og sveittustu fönk-lummurnar í matreiðslubókinni á fimmtudögum á Dillon. Hver veit nema þeir fái til liðs við sig góða gesti. Gleðin hefst stundvíslega klukkan 21.30, þannig að það er eins gott að allir séu búnir að stilla vasaúrið sitt. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Eyþór Ingi og allir hinir – Bæjarbíó
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíó
Það er ekkert lát á vinsældum Eyþórs Inga. Uppselt víðsvegar um landið og kemur hann nú fram í fimmta sinn í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Eyþór Ingi er án efa einn af okkar fremstu söngvarum í dag. Hann hefur einnig getið sér gott orð fyrir að vera mögnuð eftirherma. Hér er á ferðinni alveg hreint mögnuð blanda af þessu tvennu og gott betur. Eyþór hefur farið sigurför um landið, einn síns liðs, með píanóið, gítarinn og röddina að vopni.

**Hvað?** Helgi Björns syngur óð um lífið
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Skyrgerðin, Hveragerði
Helgi Björns fagnar 60 ára afmæli um þessar mundir en hann á farsælan tónlistarferil að baki. Það má enginn missa af því að heyra þennan ástsæla söngvara flytja sín bestu lög. Miðaverð kr. 3.500. Forsala á bæjarskrifstofum.

### Viðburðir

**Hvað?** Flamenco í Gamla kaupfélaginu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gamla kaupfélagið, Akranesi
Ólíkir menningarheimar sameinast í eldheitum dansi, tilfinningaþrungnum söng og suðrænum gítarleik undir formerkjum flamenco. Flamenco hefur numið land á Íslandi og verða settar á svið fjórar sýningar víðsvegar um landið. Listamennirnir sem koma frá Spáni, Mexíkó og Íslandi sameinast undir formerkjum flamenco. Alejandra P. de Ávila, dans – Jacób de Carmen, söngur – Julian Fernández, gítar – Reynir Hauksson, gítar.

**Hvað?** Technology and Touch
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Tryggvagata 17
Félagið Íslensk grafík kynnir Technology and Touch (Tækni og snerting) í Grafiksalnum, Tryggvagötu 17, hafnarmegin. Sýnendur koma frá Íslandi og San Francisco en sýningin hefur áður verið sýnd í San Francisco og Las Vegas. „Tækni og snerting“ er titill á samvinnuverkefni grafiklistamanna í Reykjavík og í San Francisco á sviði grafíklistar. Markmið og þema verkefnisins er að rannsaka og sýna nýsköpun í aðferðum sem tengjast hefðbundnum tæknilegum útfærslum í grafiklist og unnið er með á tveimur landfræðilegum stöðum.



Flamenco dansar í Gamla kaupfélaginu, Akranesi, í kvöld klukkan 20.00
FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRARINN

**Hvað?** Futurama Quiz at Lebowski Bar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Lebowski bar
Búist er við fullu húsi og því um að gera að bóka borð fyrirfram í síma 552-2300.

**Hvað?** Menningar- og heilsuganga: Núvitund við Hvaleyrarvatn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hvaleyrarvatn
Bryndís Jóna Jónsdóttir frá Núvitundarsetrinu leiðir í núvitund um Hvaleyrarvatn. Gengið frá bílastæði vestan við vatnið.

**Hvað?** Blómstrandi bjórbingó
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Ölverk, Hveragerði
Við munum spila nokkra leiki þvers og kruss um spjaldið og hafa mjög gaman saman. Bingóstjóri kvöldsins verður Sigurður Páll bjórspekúlant ásamt leynigesti. Ókeypis aðgangur en bjórspjald fylgir með hverjum seldum bjór frá kl. 20.30 (eitt spjald á mann – takmarkað magn af spjöldum í boði). 20 ára aldurstakmark & mætið tímanlega vegna þess að sætaframboð verður takmarkað.

### Námskeið

**Hvað?** Hrað-námstækninámskeið
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, Sæmundargötu 4
Stofa Ht-301. Skráning: Þjónustuborð Háskólatorgs (s. 525-5800)
Á þessum námskeiðum er farið yfir kjarnaatriði varðandi góðar námsvenjur og öfluga námstækni eins og markmiðssetningu, tímastjórnun, lestur og glósuaðferðir. Verð: 6.000 kr.

### Sýningar

**Hvað?** Sýning á verkum barna á sumarnámskeiðum Hafnarborgar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hafnarborg
Að baki er skapandi og skemmtilegt myndlistarsumar í Hafnarborg þar sem börn sem tóku þátt í myndlistarnámskeiðum á vegum safnsins unnu að mörgum fjölbreytilegum verkefnum. Sýning á afrakstri námskeiða sumarsins verður opnuð fimmtudaginn 16. ágúst kl. 17-19 í Apóteksal Hafnarborgar á jarðhæð safnsins, boðið verður upp á léttar veitingar og allir eru hjartanlega velkomnir. Auk opnunardagsins verður sýningin opin alla daga nema þriðjudaga frá kl. 12-17 til 24. ágústí




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 89164 08/18

**Sannkallaður sumarauki**

Sumrinu þarf ekki að ljúka alveg strax. Hvernig væri að svífa suður á bóginn og njóta þess að teyga sólargeislana enn um stund? Nú eru tíu staðir á hagstæðu hausttilboði. Hvar langar þig að sleikja sólina í september?

ICELANDAIR



## STARTUP
KL. 22:25

Ný þáttaröð með Martin Freeman og Adam Brody í aðalhlutverkum um bankastarfsmann, foringja skipulagðrar glæpastarfsemi og tölvuþrjót sem snúa bókum saman og freista þess að reka fyrirtæki með illa fengnum peningum.





**Frábær fimmtudagur**

Fáðu þér áskrift á **stod2.is**


## MASTERCHEF USA
KL. 19:25

Gordon Ramsay og félagar freista þess að finna nýjan meistarakokk Bandaríkjanna. Eins og áður reynir á hugmyndaflug og færni þátttakenda og að lokum stendur einn uppi sem sigurvegari.



## NCIS
KL. 20:10

Stórgóðir og léttir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.




## LETHAL WEAPON
KL. 20:55

Skemmtilegir spennuþættir sem eru byggðir á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh.



## ANIMAL KINGDOM
KL. 21:40

Þau eru ekki öll þar sem þau eru séð og láta ekkert stoppa sig þegar gróðavonin er annars vegar. Hörkuspennandi þáttaröð með Ellen Barkin í aðalhlutverki.



## PASSENGERS
KL. 22:00

Risageimferja er að flytja þúsundir manna til fjarlægrar plánetu þegar bilun í svefnbúnaði veldur því að tveir af farþegunum vakna af dásvefninum.



## FAMOUS IN LOVE
KL. 20:50

Dramatískir þættir um háskólanemann Paige Townsen sem dettur í lukkupottinn og hreppir eftirsótt hlutverk í kvikmynd.




Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.

stod2.is


# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Tommi og Jenni
07.45 Strákarnir
08.10 The Middle
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 Sumar og grillréttir Eyþórs
10.40 Hönnun og lífsstíll með Völu Matt
11.05 The Heart Guy
11.50 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.00 The Space Between Us
15.05 World of Dance
15.45 Enlightened
16.15 Brother vs. Brother
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 Masterchef USA Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni ásamt þeim Aarón Sanchez og hinum eina sanna Joe Bastianich sem snýr aftur í dómarasæti eftir nokkurt hlé. Hver dómari velur sér átta manna hóp sem hann fylgir eftir út þáttaröðina.
20.10 NCIS
20.55 Lethal Weapon Önnur syrpa þessara spennuþátta sem byggðir eru á hinum vinsælu Lethal Weapons myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh. Tveir ólíkir lögreglumenn í lífi og starfi ná að vinna saman með einstökum árangri.
21.40 Animal Kingdom
22.25 StartUp
23.10 Real Time with Bill Maher
00.05 Killing Eve
00.50 The Sinner
01.35 Vice
02.05 Silent Witness
02.55 Silent Witness
03.50 Insecure
04.20 S.W.A.T.
05.05 Between Two Worlds

## STÖÐ 2 SPORT

08.25 Stjarnan - FH
10.05 Víkingur - Breiðablik
12.00 Pepsímörkin 2018
13.30 Pepsímörk kvenna 2018
14.25 Real Madrid - Atletico Madrid
16.05 Stjarnan - FH
17.45 Breiðablik - Víkingur Ó.
20.00 Arion Banka mótið
20.35 Premier League World 2018/2019
21.05 Premier League Review 2018/2019
22.00 Selfoss - Grindavík
23.35 NBA - Rodman Revealed

## STÖÐ 2 SPORT 2

08.05 Pepsímörk kvenna 2018
09.05 Manchester United - Leicester
10.50 Liverpool - West Ham
12.30 Messan
13.30 Premier League Review 2018/2019
14.25 Wolves - Everton
16.10 Huddersfield - Chelsea
17.50 Selfoss - Grindavík
20.00 Pepsímörkin 2018
21.30 Goðsagnir - Guðmundur Steinsson
22.05 Breiðablik - Víkingur Ó.
23.45 Premier League World 2018/2019

## STÖÐ 3

19.10 Kevin Can Wait
19.35 Last Man Standing
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Famous In Love
21.30 The Detour
21.55 Boardwalk Empire
22.55 The Simpsons
23.20 Bob's Burgers
23.45 American Dad
00.30 Last Man Standing
00.55 Seinfeld
01.20 Friends
01.45 Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.13 Tindur
07.23 Mæja býfluga
07.35 K3
07.46 Óskastund með Skoppu og Skrítlu
08.00 Könnuðurinn Dóra
08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.47 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Lalli
09.54 Rasmus Klumpur og félagar
10.00 Strumparnir
10.25 Ævintýraferðin
10.37 Hvellur keppnisbíll
10.49 Gulla og grænjaxlarnir
11.00 Stóri og Litli
11.13 Tindur
11.23 Mæja býfluga
11.35 K3
11.46 Óskastund með Skoppu og Skrítlu
12.00 Könnuðurinn Dóra
12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
12.47 Doddi litli og Eyrnastór
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Lalli
13.54 Rasmus Klumpur og félagar
14.00 Strumparnir
14.25 Ævintýraferðin
14.37 Hvellur keppnisbíll
14.49 Gulla og grænjaxlarnir
15.00 Stóri og Litli
15.13 Tindur
15.23 Mæja býfluga
15.35 K3
15.46 Óskastund með Skoppu og Skrítlu
16.00 Könnuðurinn Dóra
16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
16.47 Doddi litli og Eyrnastór
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveinsson
17.49 Lalli
17.54 Rasmus Klumpur og félagar
18.00 Strumparnir
18.25 Ævintýraferðin
18.37 Hvellur keppnisbíll
18.49 Gulla og grænjaxlarnir
19.00 Ribbit



Mörgæsirnar frá Madagaskar, 08.24, 12.24 og 16.24

## GOLFSTÖÐIN

13.40 Golfing World 2018
14.30 Inside the PGA Tour 2018
14.55 PGA Championship 2018
20.05 Golfing World 2018
20.55 PGA Tour: Arnold Palmer's Legacy
21.40 Marathon Classic
00.05 Golfing World 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

11.25 The Fits
12.40 Mr. Turner
15.05 The Yellow Handkerchief
16.40 The Fits
17.55 Mr. Turner Vönduð mynd frá 2014 byggð á sönnum atburðum.
20.25 The Yellow Handkerchief
22.00 Passengers
23.55 X-Men; Apocalypse Meiriháttar spennumynd með úrvals liði leikara á borð við James McAvoy, Jennifer Lawrence, Sophie Turner og Michael Fassbender.
02.15 Independence Day: Resurgence
04.15 Passengers

## RÚV

13.00 Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2007-2008
13.55 360 gráður
14.20 Átök í uppeldinu
15.00 Úr Gullkistu RÚV: Popppunktur
15.50 Orðbragð
16.20 Grillað
16.45 Úr Gullkistu RÚV: Tíu fingur
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Begga og Fress
18.13 Lundaklettur
18.20 Ronja ræningjadóttir
18.44 Ormagöng
18.47 Flink
18.50 Vísindahorn Ævars
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Sterkasti maður á Íslandi
20.05 Myndavélar
20.15 Heimavöllur
21.10 Bráð
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Lögregluvaktin
23.05 Sýknaður
23.50 Veiðikofinn
00.15 Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
09.30 The Late Late Show with James Corden
10.15 Síminn + Spotify
12.10 Everybody Loves Raymond
12.35 King of Queens
12.55 How I Met Your Mother
13.20 Dr. Phil
14.00 American Housewife
14.20 Einvígið á Nesinu 2018
15.10 America's Funniest Home Videos
15.35 The Millers
15.55 Solsidan
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
19.00 The Late Late Show with James Corden
19.45 Solsidan
20.05 LA to Vegas
20.30 Who Is America?
21.00 Instinct
21.50 How To Get Away With Murder
22.35 Zoo
23.25 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
00.45 24
01.30 Scandal
02.15 Jamestown
03.05 SEAL Team
03.50 Agents of S.H.I.E.L.D.
04.40 Rosewood
05.30 Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |

**Markaðsdagatilboð**

## Rafhlöðuborvél

Flott rafhlöðuhöggvél frá Bosch með 18v Lithium-Ion rahlöðu sem endist lengur en aðrar rafhlöður, engin minnisáhrif. 2 x 2,5 Ah rafhlöður, hleðslutæki og taska fylgja

**30.000**

74864134

Almennt verð: 36.995



BOSCH

# Gerðu frábær kaup!

**Markaðsdagatilboð**

## Viðarkol

Marienburg hágæða náttúruleg viðarkol.

3,6kg.

**800**

50650129

Almennt verð: 1.295




38% afsláttur

**Markaðsdagatilboð**

## Málband

5m, 19mm, króm.

**600**

49250519

Almennt verð: 995




40% afsláttur

# MARKAÐS-DAGAR

Komdu og gramsaðu!

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 50kr | 100kr | 200kr | 300kr | 400kr |
| 500kr | 600kr | 800kr | 1000kr | 1500kr |

**Fjöldi annarra frábærra tilboða - Nýjar vörur bætast við daglega**




50% afsláttur

barbecook

**Markaðsdagatilboð**

## Gasgrill

SPRING 300, grillflötur er 3x(21x43) cm, emileraðar grillgrindur, krómuð efri grind. Svart eða kremað.

**25.000**

50686930/1

Almennt verð: 49.995

**Markaðsdagatilboð**

## Rafhlöðuborvél

Vélin hefur 12v Lithium-Ion rafhlöðu sem hefur lengri líftíma en aðrar rafhlöður, engin minnisáhrif. Vélin er létt og þægileg í hendi og hentar því vel til vinnu í erfiðum eða þröngum aðstæðum. 1 x 2,0 Ah og 1 x 4,0 Ah rafhlöður, hleðslutæki, 2 x borasett, bitasett og tautaska

**25.000**

748740902

Almennt verð: 30.995

19% afsláttur



**Markaðsdagatilboð**

## Hekkklippur

ComfortCut 30, 10,8 V Li, hleðslutími 10 klst. vinnutími 50 mín, hámarks klippilengd 300 mm, hámarks greinasverleiki 8 mm.

**15.000**

54908898

Almennt verð: 24.995

GARDENA



40% afsláttur

**Markaðsdagatilboð**

## StarWars karlar

3,75", ýmsar gerðir.

**2.000**

46286206

Almennt verð: 3.995




50% afsláttur

**VINNUR ÞÚ FERÐ FYRIR 2 TIL VALENCIA MEÐ HEIMSFERÐUM?**
**SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN OKKAR Á BYKO.IS**

Heimsferðir

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Bak við tjöldin á tískuvikunni í Ósló

Það er ekki bara glamúr, glaumur og gleði að vera fyrirsæta. Það er mikil bið og endalaus tími fer í förðun og mátun. Myndaveitan Getty fékk góðan aðgang bak við tjöldin á norsku tískuvikunni og myndaði módelin.


Hárið þarf að vera fullkomið alveg eins og fötin sem eru sýnd.


Það er mikilvægt að nærast vel. Appelsínusafi og fleira heilsusamlegt gúmmelaði á borðum. NORDICPHOTOS/GETTY



Æfingin skapar meistarann, segir máltækið. Fyrirsæturnar æfa gríðarlega mikið áður en gengið er fram í nýjustu tísku.


Mátun skiptir miklu máli enda hátíska ekkert grín.


Beðið eftir réttu lýsingunni, réttu stundinni til að smella af. Þá er gott að grípa í bók eða bara snjallsímann.


Fyrirsæturnar Tine Andrea og Darja Barannik segja brandara eftir vel heppnaða sýningu. Allir hressir þarna.

Njóttu þess að fara í sund / sjósund
Verndaðu eyrun með Ear Band-It Ultra eyrnaböndum og eyrnatöppum
Hannað af háls- nef- og eyrnalæknum

Fyrirbyggjandi vörn gegn eyrnabólgu og nauðsynlegt fyrir þá sem eru með rör í eyrum eða viðkvæm eyru.
Til í þremur stærðum.
S - frá 1. til 3. ára
M - frá 4. til 9 ára
L - frá 10 ára og eldri ( fullorðnir )
Pakkinn inniheldur bæði eyrnatappa og eyrnaband.
Fæst í apótekum, Sundlaug Kópavogs, Útilíf, Heimkaup og barnavöruverslunum.

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn


30 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR
SÉRSTAKIR GESTIR SVALA OG DAÐI FREYR
STJÓRNIN
SIGGA BEINTEINS · GRÉTAR ÖRVARSSON · EIÐUR ARNARSSON · EINAR BRAGI BRAGASON · FRIÐRIK KARLSSON
JÓN ELFAR HAFSTEINSSON · KRISTJÁN GRÉTARSSON · SIGFÚS ÓTTARSSON · ÞORSTEINN GUNNARSSON
BAKRADDIR FRIÐRIK ÓMAR · REGÍNA ÓSK · ERNA HRÖNN
HÁSKÓLABÍÓ FÖSTUDAGINN 28. SEPTEMBER
MIÐASALA Á TIX.IS
Egils
APPELSÍN







Dómnefndina í ár skipa Kristjana Stefánsdóttir, Helga Margrét og Einar Bárðarson. „Ég hef framleiðendur þáttanna grunaða um að hafa lágmarkið 6 en ekki 5 til að koma í veg fyrir að ég plöggi inn Luxor kombakki. En hver veit, það er ekki öll nótt úti enn, skráningu er ekki lokið,“ segir Einar og hlær. Friðrik Dór mun halda áfram um stjórnartaumana.

# Kórar Íslands fá ný andlit

Nýir dómarar munu setjast í dómarasætin í þáttaröðinni Kórar Íslands en Stöð 2 og Saga Film ætla að gera aðra þáttaröð. Reynsluboltinn Einar Bárðarson og kórstjórinn Helga Margrét koma ný inn.

Þessi þáttur hefur gert það sama fyrir kóra á Íslandi og hruníð gerði fyrir lopapeysuna. Gert kórana enn meira spennandi og kynnt starf þeirra fyrir nýjum kynslóðum,“ segir Einar Bárðarson, þúsundþjalasmiður og margreyndur sjónvarpsdómari, en hann mun fá sér sæti í dómarasætinu við aðra þáttaröð af Kórum Íslands.

Hann og Helga Margrét Marzelíusardóttir munu setjast ný í dómarasætið ásamt Kristjönu Stefánsdóttur en Ari Bragi Kárason, og Bryndís Jakobsdóttir hverfa á braut. Friðrik Dór Jónsson mun áfram kynna atriðin en hann þótti halda vel um stjórnartaumana á síðasta ári.

„Það er spennandi að vera kominn aftur í dómarasætið eftir heilbrigða fjarveru,“ segir Einar en hann dæmdi í Idol stjörnuleitinni sálugu og X-factor. „Er þetta ekki eðlileg þróun miðað við öll gráu hárin? Fara úr því að dæma vonarstjörnur poppsins yfir í kóra landsins,“ bætir hann glaðbeittur við.

Lengi var óljóst hvort önnur þáttaröð af Kórum Íslands yrði framleidd en fyrri þáttaröð þótti ekki nógu menningarleg fyrir nefnd sem sér um endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar. Eftir mikið japl og jaml og fuður og inngrip ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ákvað nefnd um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar að taka málið upp að nýju og fékk þáttaröðin, samkvæmt vef Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, 19 milljónir endurgreiddar úr ríkissjóði.

**benediktboas@frettabladid.is**



**Það gekk oft mikið á í síðustu þáttaröð.** MYND/DANÍEL ÞÓR ÁGÚSTSSON

> **ER ÞETTA EKKI EÐLILEG ÞRÓUN MIÐAÐ VIÐ ÖLL GRÁU HÁRIN? FARA ÚR ÞVÍ AÐ DÆMA VONARSTJÖRNUR POPPSINS YFIR Í KÓRA LANDSINS.**

## OPNAÐ FYRIR SKRÁNINGU

Opnað hefur verið fyrir skráningu í Kóra Íslands en kórar og sönghópar með sex eða fleiri meðlimi, sem allir hafa náð 16 ára aldri, eru gjaldgengir í þáttinn. Tuttugu kórar tóku þátt í fyrstu þáttaröðinni, sem sýnd var í fyrrahaust, og fór Kór Bólstaðarhlíðarhrepps að endingu með sigur af hólmi.

Hlaut kórinn að launum ferðavinning , fjórar milljónir króna.

## BIGGEST LOOSER MEIRI MENNING EN KÓRASTARF

Í dómi nefndar um endurgreiðslu kom fram að til að fá endurgreiðsluna þurfti að fá minnst fjögur stig. Kórar Íslands fengu aðeins þrjú og uppfylltu ekki atriði sem sneru að vísun í sögupersónu eða einstakling úr íslenskum menningararfi, sögu úr samfélaginu eða trúarbrögðum.

Söguþráðurinn hafi ekki verið byggður á bókmenntaverki, það hafi ekki verið nein sérstök tilvísun til viðfangsefna líðandi stundar og að mikilvægt gildi kóranna hafi ekki komið fram. Þá hafi ekki verið vísað nóg til íslenskra eða evrópskra siða, venja og menningar í þáttunum og fékk þáttaröðin aðeins eitt stig sem var hækkað í tvö nýverið.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

SPEEDTEST AWARDS

HRAÐASTA INTERNETIÐ Á ÍSLANDI

2018



# ↳Ekki:/ vera >risaeðla

Vertu á: hraðasta Ljósleiðara_á Íslandi

**500 GB**

**4.990 kr.**

| | |
|---|---|
| Gagnaveitan | 3.190 kr. |
| Leiga á beini | 790 kr. |
| **Samtals** | **8.970 kr.** |

Ótakmarkað net

**∞ GB**

**6.990 kr.**

| | |
|---|---|
| Gagnaveitan | 3.190 kr. |
| Leiga á beini | 790 kr. |
| **Samtals** | **10.970 kr.** |

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri

Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

Brandenburg | sía

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177



BAKÞANKAR
Jóhanns Óla Eiðssonar




## Kvartarar

Stærstan hluta stuttrar starfsævi hef ég starfað í blaðamennsku og mætti því segja að ég væri stálpað blaðabarn. Meirihluti starfsins felst í því að vinna fréttir en nokkuð stór hluti tímans, þó æ minni eftir tilkomu athugasemdakerfa vefmiðlanna, fer í að svara athugasemdum þeirra sem hringja inn á ritstjórnina.

Sem dæmi um slíka símavini má nefna hundaeigendur sem alltaf eru tilbúnir við telefóninn. Hommahatarar og rasistar eru líka algengir. Á dögunum hringdi inn maður sem var hvort tveggja. Hann var foj yfir því að það væri í skoðun að taka á móti samkynhneigðum flóttamönnum frá Afríku og sérstaklega brjálaður yfir því að þessir drulludelar væru á leið hingað til að smita hinn hreina, íslenska kynstofn af alnæmi. Innhringjandinn var að sjálfsögðu beðinn um að stinga þessari athugasemd aftur þangað sem hún var upprunnin. Það er á staðinn þar sem sólin skín aldrei.

Reglulega hringir líka inn fólk og „leiðrengir“ málfar. Fjölmargir fettu fingur út í það á dögunum að það stæði samrýnd á forsíðu blaðsins. Mér bárust síðan flestar athugasemdir við skrif mín þegar í fyrirsögn fréttar stóð „berja augum“. Þau símtöl enda flest á því að fólkið ætlar næst að hringja í Árnastofnun til að hringja síðan aftur í ritstjórnina. Sjaldnast verður af síðara símtalinu.

Uppáhaldið mitt var konan sem hringdi inn og tilkynnti það, án þess að kynna sig, að hún ætti afmæli á morgun og að það ætti alls ekki að skrifa um það. Síðan skellti hún á. Enn þann dag í dag kann ég engin deili á henni.

Símavinirnir gefa vinnudeginum lit. Megi þeir hringja sem oftast.








